

ISSN 1608-3687

Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar
Nr. 19
mars 2004

Breytingar og bjargráð

**AÐFERÐIR FÓLKS Í SVEITUM TIL
AÐ TAKAST Á VIÐ
SAMFÉLAGSLEGAR BREYTINGAR**

Höfundur:

Gunnar Þór Jóhannesson

Ritnefnd Rits Mógilsár skipa:

Aðalsteinn Sigurgeirsson

Ólafur Eggertsson

Haukur Ragnarsson

Ritstjóri: Hreinn Óskarsson

Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Sigurgeirsson

1 SAMANTEKT

Gunnar Þór Jóhannesson. Breytingar og bjargráð. Aðferðir fólks í sveitum til að takast á við samfélagslegar breytingar. Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar nr. 19 /2004. 48. bls.

Hér er fjallað um samfélagslegar breytingar sem fólk í sveitum hefur staðið frammi fyrir. Lögð er áhersla á að skýra hvernig fólk mótar og beitir margvíslegum aðferðum til að takast á við þær. Ritgerðin byggir á vettvangsrannsókn sem fram fór í Fljótisdal á Héraði.

Ritgerðin hefst á umræðu um lykilhugtök rannsóknarinnar sem varpa ljósi á aðstæður sem íbúar Fljótisdals þurfa meðal annarra að takast á við. Þau eru: Hnattvæðing, bjargráð og félagslegur auður. Hnattvæðing vísar til samfélagslegra breytinga sem er rammi ritgerðarinnar. Bjargráð og félagslegur auður fela í sér áherslu á nýsköpun, meðvitaða sköpun sjálfsmýndar og virkjun félagslegra tengslaneta og henta vel til skilnings og greiningar á aðstæðum og aðgerðum fólks.

Megin hluti ritgerðarinnar fjallar um breytingar á umhverfi sauðfjárræktar, breyttar aðstæður íbúa Fljótisdals og mismunandi bjargráð þeirra. Sérstaklega er fjallað um eitt tiltekið bjargráð – Héraðsskógaverkefnið. Héraðsskógar er dæmi um byggðavænt nýsköpunarverkefni sem byggir m.a. á virkjun félagslegra tengsla og hagnýtingu félagslegs auðs.

Að lokum eru niðurstöður dregnar saman. Sauðfjárræktarfolk tekst á við hnattrænar breytingar með margvíslegum bjargráðum. Reynsla fólks af Héraðsskógaverkefninu er mikilvægt dæmi um hverskonar bjargráð geta hentað í sveitum og eykur skilning á hvernig bjargráð eru mótuð og framkvæmd af fólki í samspili við formgerð samfélagsins.

Lykilorð: Hnattvæðing, bjargráð, félagslegur auður, byggðaverkefni

2 SUMMARY

Jóhannesson, G.P. Transformations and coping strategies: Strategies of people living in agricultural areas to cope with societal transformations. Icelandic Forest Research 19/2004, 48 pp.

The research that this paper is based on addresses coping strategies of people living in agricultural areas in Iceland. The paper is based on ethnographic research conducted in a valley named Fljótisdalur, in the Eastern part of Iceland. Traditionally, sheep-farming has been the main source of income for the inhabitants in Fljótisdalur.

The paper begins with a brief discussion of key concepts that highlight the social processes the inhabitants of Fljótisdalur, among others, have to cope with. These are globalisation, coping strategies and social capital. The idea of globalisation frames social transformations but coping strategies and social capital cast light on innovation processes, reflexive identity construction and the importance of social networks. Applied together, these concepts are useful for explaining and analysing different circumstances and practises of people.

The main part of the paper discusses the development of the regulatory framework for sheep-farming, social changes in the locality of Fljótisdalur and various coping strategies of the inhabitants. One case of an innovation project is presented, i.e. "Héraðsskógar". "Héraðsskógar" is a regional forestry project, which is to some extent based on social networks and the practise of social capital.

In the end conclusions are summarised. Sheep-farmers in Fljótisdalur are coping with global transformations using different strategies. The case of "Héraðsskógar" casts light on which kind of innovation projects can be successful in agricultural areas as well it gives an important insight into how individuals formulate and practise coping strategies.

Keywords: *Globalisation, coping strategies, social capital, innovation.*

EFNISYFIRLIT

1	SAMANTEKT	2
2	SUMMARY	3
3	INNGANGUR	5
4	FRÆDILEGUR RAMMI	6
	HNATTVÆÐING.....	6
	BJARGRÁÐ.....	8
	FÉLAGSLEGUR AUÐUR	9
	RANNSÓKNIN.....	10
5	BREYTINGAR OG BJARGRÁÐ	12
	UMHVERFI SAUÐFJÁRRÆKTAR.....	12
	AÐSTÆÐUR FÓLKS Í FLJÓTS DAL.....	20
6	HÉRAÐSSKÓGAR	26
	SAGA, MARKMIÐ OG TILGANGUR HÉRAÐSSKÓGA.....	26
	UPPHAFIÐ.....	28
	VIÐTÖKUR OG ÞRÓUN	29
	AÐ SKJÓTA RÓTUM.....	32
	SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF HÉRAÐSSKÓGA.....	34
	HÉRAÐSSKÓGAR SEM SVEIGJANLEGT BJARGRÁÐ.....	37
7	UMRÆÐUR OG LOKAORÐ	39
	SAUÐFJÁRRÆKT OG HNATTVÆÐING.....	39
	BJARGRÁÐ Í FLJÓTS DAL.....	40
	HÉRAÐSSKÓGAR SEM BJARGRÁÐ.....	42
8	ÞAKKIR	45
9	HEIMILDIR	46

3 INNGANGUR

Tuttugasta öld hefur verið tími hraðra breytinga í íslensku samfélagi. Segja má að þjóðfélagið hafi tekið stökk inn í nútímann í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar þegar iðn- og vélvæðing hér á landi hófst fyrir alvöru. Síðustu áratugi 20. aldar og fyrstu ár þeirrar 21. er margt sem bendir til þess að ný þjóðfélagsgerð sé að renna upp, sem hefur aðrar áherslur í för með sér en áður. Lykilatriði í efnahagslífinu í dag eru tækni, miðlun upplýsinga og nýsköpun. Sífellt hærra hlutfall fólks vinnur við þjónustugreinar en vægi frumvinnslugreina fer minnkandi (Hagstofa Íslands, 2002). Hér er ætlunin að fjalla um samfélagslegar breytingar sem þessu fylgja í byggðarlögum sem byggja á frumvinnslu og bjargráð sem íbúar þeirra hafa beitt.

Ritgerðin byggir á vettvangsrannsókn í tiltekinni sveit á Íslandi, þ.e. Fljótsdal. Hún fjallar um breytingar sem fólk þar hefur upplifað og þau bjargráð sem það hefur beitt til að takast á við þær. Í Fljótsdal hefur verið stundaður hefðbundinn landbúnaður og er aðalatvinna íbúa þar sauðfjárrækt. Hefðbundinn landbúnaður á Íslandi hefur síðan á áttunda áratug 20. aldar gengið í gegnum ýmiskonar þrengingar. Sauðfjárnætur hafa staðið frammi fyrir aukinni samkeppni á matvörumarkaði og breyttum neysluvenjum sem hafa haft í för með sér minnkandi markað fyrir kindakjöt. Sauðfjárrækt hefur átt í vök að verjast og sauðfjárafurðir hafa ekki náð að halda markaðsslutdeild sinni. Þrátt fyrir minni neyslu kindakjöts hefur framleiðendum ekki fækkað að sama skapi, sem hefur þýtt tekjusaðrátt hjá sauðfjárræktarfolki. Það hefur því þurft að taka til við ólík bjargráð til að geta haldið áfram búskap og þeirri búsetu sem það hefur valið sér.

Ritgerðin grundvallast á þremur rannsóknarspurningum. Þær eru: Hvaða breytingar hafa orðið í umhverfi sauðfjárræktarfolks? Hvers konar bjargráð hefur það tekið til við? Hvernig mótast fólk bjargráð sín? Eftirfarandi umfjöllun er því þríþætt og vísar til breytinga, bjargráða og síðast en ekki síst framkvæmdar bjargráða.

Að loknum inngangi verður fræðilegur rammi rannsóknarinnar skýrður ásamt þeim rannsóknaraðferðum sem hún byggir á. Því næst hefst umfjöllun um breytingar á umhverfi sauðfjárræktar og bjargráð fólks í Fljótsdal. Breytingar á reglukerfi og ytra umhverfi sauðfjárræktar á landinu eru raktar og jafnframt er fjallað um tengsl hefðbundins landbúnaðar við byggðastefnu stjórnvalda. Því næst er fjallað sérstaklega um breytingar sem hafa orðið í Fljótsdal og margvísleg bjargráð fólks á svæðinu. Til að varpa ljósi á hvernig fólk mótast bjargráð er gerð grein fyrir Héraðsskógaverkefninu. Héraðsskógar hafa sterka skírskotun til byggðastefnu og tengir ólíka aðila einu bjargráði á svæðinu. Upphaf þess, þróun og áhrif á svæðinu eru rakin ásamt því

að mikilvægi þess fyrir íbúa Fljótsdals er dregið fram. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman þar sem meðal annars er fjallað um styrkleika og veikleika Héraðsskóga sem bjargráðs.

Þessari rannsókn er ætlað að varpa ljósi á hvernig fólk í sveitum tekur á breyttum aðstæðum sem gerendur. Hún undirstrikar mikilvægi margvíslegra bjargráða í dreifbýli og dregur fram þá þætti sem vert er að hafa í huga þegar stefnt er að víðfeðmum nýsköpunarverkefnum í staðbundnum samfélögum.

Ritgerð þessi byggir á rannsóknarverkefni mínu til meistaraþrófs í mannfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hér er fræðilegri umfjöllun haldið í lágmarki en áhersla lögð á umfjöllun um aðstæður og bjargráð íbúa í Fljótsdal.

4 FRÆÐILEGUR RAMMI

HNATTVÆÐING

Í *Íslenskrí orðabók* er hnattvæðing skilgreind sem: „Aukin samskipti og viðskipti af ýmsu tagi milli þjóða heims, m.a. vegna bættra fjarskipta og samgangna.“ (Mörður Árnason, 2002). Þetta er mjög afmörkuð skilgreining, hún vísar fyrst og fremst til hagrænna þátta hnattvæðingar og þjóða en tekur ekki til hnattvæðingar staðbundinna (e. local) samfélaga.

Hugtakið hnattvæðing vísar ef til vill fyrst og fremst til aukins hreyfanleika og þeirrar tilfinningar fólks að heimurinn sé á einhvern hátt að skreppa saman. Það er með öðrum orðum ekki einungis um að ræða samtengt hagkerfi og aukið flæði fjármagns, heldur einnig aukinn hreyfanleika fólks, hluta, ímynda og tækni og þekkingar sem á sér stað. Á sama tíma hafa andstæður í tilveru fólks orðið skarpari, bilið á milli ríkra og fátækra breiðkar og á meðan að hreyfanleiki sumra eykst er kyrrstaða annarra staðfest.

Tveir megin hugmyndastraumar um inntak hnattvæðingar hafa verið áberandi á síðustu árum (Giddens, 1999; Giddens og Hutton, 2000). Annars vegar er lögð áhersla á þá hugmynd að í rauninni hafi ekki svo mikið breyst frá fyrri tímum, hnattvæðing sé nánast orðin tóm. Bent er á að utanríkisverslun sé hlutfallslega ekki mikilvægari nú en oft áður og ríki byggji enn á innanríkisviðskiptum. Hnattvæðing er tengd við uppgang hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar sem hefur lagt hagræn gildi til grundvallar samfélagi og menningu og hefur að sumra mati orðið að viðurkenndum sannleika í vestrænu samfélagi (Bourdieu, 1998a; Hirst og Thompson, 1996; Swyngedouw, 2000). Hins vegar er þeirri skoðun haldið á lofti að hnattvæðing hafi í för með sér

eðlisbreytingu á daglegu lífi fólks hvar sem er í heiminum. Mikilvægi hins hnattræna hagkerfis er undirstrikað og bent er á minnkandi vægi þjóðríkja sem gerenda og valdhafa í heiminum (Friedman, 1999).

Tvískipting sem þessi er einfölduð útgáfa af veruleikanum og oftast en ekki skarast hugmyndir fræðifólks um hnattvæðingu. Hnattvæðing hefur ekki dottið af himnum ofan, hún á sér sögulegar og pólitískar rætur. Hins vegar erum við einnig að verða vitni að byltingakenndum og almennum breytingum á daglegu lífi, sérstaklega með tilkomu margs konar tækninýjunga.

Mikið hefur verið skrifað um hugsanlegar afleiðingar og áhrif hnattvæðingar og oftast en ekki talið að hún leiði til vaxandi einsleitni. Þeirri skoðun hefur verið varpað fram að heimurinn sé að verða eins og þorp og það sé að verða til ein (vestræn) alheimsmenning (Toynbee, 2000).

Robertson (1995) er einn þeirra sem hefur gagnrýnt áherslu á einsleitni. Að hans mati er varasamt að líta á hið hnattræna sem andstæðu hins staðbundna. Í stað þess vill Robertson undirstrika að hið hnattræna og hið staðbundna eru tvær hliðar á sama peningi. Staðbinding býr óumflýjanlega í hnattvæðingu sem er ávallt hluti af staðbundnu umhverfi fólks. Hann leggur því til að nota hugtakið *hnattsvæðing* (e. glocalization) til að lýsa ferlum hnattvæðingar á fínlegri hátt. Með því er lögð áhersla á að hnattvæðing á sér ekki stað fyrir utan og ofan staðbundið samhengi heldur er hún hluti af daglegu lífi. Fólk hvar sem er *hnattsvæðir* líf sitt á hverjum degi.

Daglegt líf, hið pólitíska stjórnkerfi og hagkerfið sem fólk vinnur í er því allt á einhvern hátt markað hnattsvæðingu. Það sem liggur til grundvallar hnattsvæðingu er aukinn hreyfanleiki flestra þátta samfélagsins (sjá t.d. Bauman, 2001; Lash, 1994; Urry, 2000). Nútíminn er fljótandi, en flæðin sem hnattsvæðing felur í sér eru margleit og streyma í mismunandi áttir. Fólk gleypir ekki viðstöðulaust við þeim, heldur getur það verið gerendur og mótað veruleika sinn enn frekar en áður. Að vissu leyti færir hnattsvæðing fólki ný tækifæri en um leið þyngja þessi ferli byrðar einstaklinga. Ríkisvaldið er að draga sig í hlé á mörgum sviðum, vald hefur bæði runnið til yfirþjóðlegra stofnanna eins og Evrópusambandsins, Alþjóðaviðskiptamála-stofnunarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og til staðbundinna stofnanna eins og sveitastjórna og fyrirtækjahópa. Blómatími opinberrar íhlutunar og velferðarríkisins er liðinn og í staðinn er runninn upp tími einstaklingshyggju og einstaklingsvæðingar þar sem nýsköpun og sveigjanleiki í framleiðslu er lykilatriði (Bærenholdt og Aarsaether, 2001; Neil og Tykkyläinen, 1998)¹. Einstaklingar eða einstök samfélög þurfa við þessar aðstæður í meiri mæli en áður að

¹ Einkenni þessarar stefnubreytingar má finna í hinni nýju byggðastefnu stjórnvalda sem leggur höfuðáherslu á frumkvæði og framtak heimafélks (Byggðastofnun, 1999).

treysta á sig sjálf til að takast á við breytingar.

BJARGRÁÐ

Bjargráð (e. coping strategies)² er hugtak sem nær til staðbundinna aðferða fólks til að takast á við breyttar (samfélagslegar) aðstæður á sjálfrýnn/meðvitaðan hátt (Bærenholdt og Aarsaether, 1998, 2001). Sjálfrýni vísar til þess að einstaklingar verða að íhuga stöðu sína og samhengi aðgerða sinna hverju sinni. Fólk verður með öðrum orðum að finna sér og aðgerðum sínum merkingarbært samhengi (Bærenholdt og Aarsaether, 2001).

Bærenholdt og Aarsaether skilgreina bjargráð sem:

Pólitík hversdagslífsins; það er merkingarbær notkun á sögulegum möguleikum... *Hvernig fólk tekur upp aðferðir sem eru að þeirra mati skynsamlegar (1998, bls. 30, skáletrun þeirra).*

Hugtakið bjargráð vísar bæði til þess að takast á við eitthvað og til meðvitaðra ráða fólks. Bjargráð draga fram einstaklinga sem gerendur í sínu eigin lífi. Það er mikilvægt að undirstrika að bjargráð eru margbreytileg og háð félagslegu og staðbundnu samhengi. Skýra má mismunandi bjargráð útfrá þremur víddum, þ.e. *nýsköpunarvídd, vídd tengslaneta* og *sjálfsmyndarvídd* (Bærenholdt og Aarsaether, 1998, 2001).

Nýsköpunarvídd vísar til breytinga í hagrænni formgerð samfélagsins. Það felur m.a. í sér nýjar lausnir á staðbundnum vandamálum sem geta verið andsvar við hnattrænum breytingum og vaxandi áherslu á þekkingarsamfélagið. Fólk er þó ekki endilega að berjast á móti breytingum heldur getur nýsköpun ekki síður vísað til notkunar á nýjum möguleikum sem eru til komnir vegna breyttra aðstæðna. Í þessu samhengi er mikilvægt að taka með í reikninginn að nýsköpun er einnig menningarlegt og félagslegt fyrirbæri. Nýsköpun þarf ekki endilega að snúast um sköpun fjármagns. Menningarviðburðir og óformleg eða formleg félagsstörf geta verið nýsköpun.

Vídd tengslaneta vísar til félagslegra tengsla sem fela í sér traust og þjóna sem grunnur að sameiginlegum aðgerðum fólks. Í gegnum félagsleg tengslanet kemst á samband á milli mismunandi hópa, „veik tengsl“ (sbr. Granovetter, 1973) verða til og í þessari vídd liggur forsenda félagslegs auðs (sjá aftar). Tengslanet tengja fólk, náttúru og hluti saman á pólitískan og merkingarbæran hátt. Það eru ávallt einhverjir gerendur í netunum sem beita beinu eða óbeinu valdi til að móta og endurskapa

2 Í Íslenskri orðabók er bjargráð skýrt sem „ráð til bjargar“ eða „hollráð“. Einnig er talað um Bjargráðasjóð sem varasjóð til að grípa til í vondum árum (Mörður Árnason, 2002). Sá skilningur sem lagður er í hugtakið hér er svipaður. Hér er lögð áhersla á bjargráð í merkingunni aðferðir fólks til að takast á við aðstæður sínar sem gerendur eða bjarga sér. Ég vil undirstrika að bjargráð í þessum skilningi geta verið fyrirbyggjandi, þ.e. þau þurfa ekki að vera viðbrögð við erfiðleikum heldur allskyns aðferðir sem fólk nýtir sér dagsdaglega.

tengslanet sér til hagsbóta.

Sjálfsmyndarvídd vísar til sköpunar og endursköpunar sjálfsmynda í „hnattsvæddu“ (e. glocalized) samhengi. Eins og áður hefur komið fram snýr hnattsvæðing ekki síst að einstaklingum og daglegu lífi fólks. Ein forsenda virkrar hnattsvæðingar er að fólk geti byggt upp merkingarbærar sjálfsmyndir við breyttar aðstæður, fundið sér stað og merkingu.

Hugtakið bjargráð er tæki til að greina mismunandi aðferðir fólks til að takast á við breytingar. Þessi skipting bjargráða í þrjár víddir þjónar fyrst og fremst til aðgreiningar á mismunandi þáttum sem koma við sögu í aðferðum fólks til að takast á við aðstæður sínar. Í mismunandi samhengi eru víddirnar misáberandi og það er mikilvægt að undirstrika að þær skarast allar í daglegu lífi fólks.

FÉLAGSLEGUR AUÐUR

Félagslegur auður er margslungið og umdeilt hugtak sem hefur verið notað í ólíkri merkingu í mismunandi samhengi. Forsenda greiningar á mikilvægi félagslegs auðs í staðbundinni þróun er að ganga út frá því að hagkerfi samfélaga sé samofið félagslegum tengslum og sé þannig háð félagslegri formgerð samfélaga. Út frá þessari kennisetningu er hægt að taka tillit til áhrifa félagslegra aðgerða einstaklinga og formgerðar á hagræn ferli í samfélögum.

Áður en lengra er haldið er rétt að gera nánari grein fyrir þeim skilningi sem ég legg í hugtakið auð (e. capital) hér á eftir. Ég byggi á umfjöllun Bourdieus (1986; 1998b) um mismunandi gerðir auðs. Að mati Bourdieus er auður uppsöfnuð vinna, efnisleg eða líkömnuð (e. embodied). Auður býr í hlutgerðum og huglægum formgerðum veruleikans og liggur skipulagi samfélagsins til grundvallar³. Auður kemur þannig reglu á samfélagið. Ef ekki væri auður væri samfélagið svipað rúllettu þar sem allir þátttakendur hefðu sömu möguleika frá byrjun og hvert atvik væri sögulega sjálfstætt og óháð fyrri atvikum. Það tekur tíma að búa til og safna auði en hann hefur eiginleika til endursköpunar og býður því upp á mögulegan hagnað.

Umfjöllun Bourdieus um auð þjónar fyrst og fremst sem myndlíking til að skýra gangverk samfélagsins. Það verður að varast að taka orð hans of bókstaflega á þann hátt að líta ávallt á auð sem stöðuga efnislega eign. Auður er afurð tengsla og er í sumum tilfellum líkari ferli en formi eða fasta. Það á til dæmis við um félagslegan auð.

Bourdieu skilgreinir félagslegan auð sem:

3 Hlutgerðar og huglægar formgerðir vísa til skipulagningar samfélagsins og þess hvernig við lærum að skynja það. Ákveðin merking býr í hlutum og efnislegri uppbyggingu þjóðfélagsins. Hún mótar huglæga skynjunarhætti okkar en er á sama tíma mótuð af þeim (skynjunarháttunum) í gagnvirku ferli.

...summu raunverulegra eða mögulegra bjarga sem tengist eigu fólks á endingargóðu tengslaneti sem samanstendur af meira eða minna stofnanavæddum tengslum gagnkvæmra kennsla...(Bourdieu, 1986, bls. 248).

Með öðrum orðum tengist félagslegur auður því að vera meðlimur í hóp og að geta nýtt sér tengslanet hópsins. Magn félagslegs auðs sem hver og einn hefur undir höndum byggir á því hversu víðfeðmt tengslanet hann/hún getur virkjað og á magni þess auðs (hagræns, menningarlegs og táknræns) sem aðrir í tengslanetinu búa yfir. Félaglegur auður er þannig aldrei fullkomlega óháður öðrum gerðum auðs (Bourdieu, 1986).

Félaglegur auður verður til í aðgerðum gerenda í tengslanetum þannig að um leið og fólk tekur til við að byggja upp og virkja félagsleg tengslanet verður til möguleiki á að skapa félagslegan auð. Félagleg tengslanet eru ekki staðreyndir eða fyrirfram tilbúna formgerðir sem hægt er að tengja sig við. Þau krefjast vinnu af hálfu fólks og margvíslegra „fjármögnunaraðferða“. Það þarf með öðrum orðum að leggja tíma, peninga og aðrar gerðir auðs í félagsleg tengsl sem síðar er hægt að nota til að virkja félagslegan auð sem getur tryggt gróða (efnislegan eða táknrænan) (Bourdieu, 1986; Gunnar Þór Jóhannesson ofl., 2003).

Rót félagslegs auðs er mjög skýr; hún liggur í félagslegum tengslum á milli einstaklinga. Afleiðingar hans geta verið margvíslegar, efnislegar eða táknrænar bjargir eða bætt aðgengi að netvöldum upplýsinga og þekkingar. Öll félagsleg tengsl veita möguleika á sköpun félagslegs auðs. Félaglegur auður verður hins vegar ekki til nema tengslin séu virkjuð í ákveðnu samhengi og það er þessi virkjun eða aðgerðir sem á endanum er auðurinn sjálfur.

RANNSÓKNIN

Rannsóknin byggir á etnógrafískum eða eigindlegum rannsóknaraðferðum⁴ (Hammersley og Atkinson, 1983; Taylor og Bogdan, 1998). Etnógrafískar rannsóknaraðferðir hafa frá upphafi verið ein megin rannsóknaraðferð mannfæðinnar (Fontana, 1994).

Etnógrafísk rannsóknarhefð byggir á vettvangsaðferðum. Það þýðir að rannsakandinn fer á vettvang, til þeirra sem rannsóknin er um, dvelur hjá þeim um hríð, á í samskiptum við þá og deilir reynslu með þeim. Á þennan hátt öðlast rannsakandinn innsýn í þann veruleika sem ætlunin er að lýsa. Tvær megin aðferðir til vettvangsrannsókna eru opin viðtöl og þátttökuathuganir. Þátttökuathuganir byggja á því að rannsakandinn er einhvern tíma með fólki í umhverfi þeirra og öðlast innsýn í daglegt líf þess á vettvangi. Opin viðtöl líkjast frekar óformlegum samtölum en

4 Það er mjög misjafnt eftir höfundum hvernig hugtakið „etnógráfía“ er notað. Ég nota það hér til að vísa til eigindlegrar rannsóknarhefðar sem felur í sér mismunandi rannsóknaraðferðir.

formlegum viðtölum. Lögð er áhersla á að nálgast skilning og upplifun viðmælenda á rannsóknarefninu í stað þess að leiða viðtalið að fyrirfram ákveðinni niðurstöðu.

Etnógrafískar rannsóknaraðferðir hentuðu rannsókn minni vel þar sem ætlunin var að grafast fyrir um *hvernig* fólk upplifði og tækist á við samfélagslegar breytingar. Ég vildi heyra raddir fólksins sjálfs, hvað þeim finnst mikilvægt og hvað þeim finnst skynsamlegt.

Skipta má rannsóknarvinnu minni í tvo þætti. Annars vegar kynnti ég mér fyrirbyggjandi gögn og kenningar og hins vegar gerði ég vettvangsrannsókn þar sem ég tók opin viðtöl og gerði þátttökuathuganir. Tvær (tengdar) ástæður urðu til þess að ég valdi að gera rannsókn í Fljótsdal og á Fljótsdalshéraði. Annars vegar er svæðið í sögulegu ljósi sveit þar sem sauðfjárbúskapur hefur verið ein meginstöð atvinnulífsins og þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði skiptir hann enn töluvert miklu máli í staðbundnu hagkerfi svæðisins⁵. Hins vegar hefur sauðfjárrækt gengið í gegnum miklar þrengingar á síðustu 20 árum, bæði vegna sjúkdóma og framleiðslutakmarkana og virtist mér sem utanaðkomandi áhorfanda að fólki á svæðinu hefði gengið vel að takast á við þær þrengingar.

Gagnasöfnun fór aðallega fram á tímabilinu september 2000 til nóvember 2001. Alls voru tekin 22 viðtöl og gerðar þrjár þátttökuathuganir. Viðmælendur eru alls 29, níu konur og 20 karlar. Flest viðtölin (12) voru tekin við íbúa í Fljótsdal en tíu viðtöl voru tekin við aðra sem tengjast annaðhvort svæðinu eða rannsóknarefninu á einn eða annan hátt. Þar má nefna embættismenn í stjórnkerfi landbúnaðarins, ráðunauta, sveitarstjórnarfólk og aðila sem vinna að nýsköpun á Austurlandi.

Rétt er að taka fram að öllum þátttakendum eru gefin gervinöfn og í sumum tilvikum er starfsheiti þeirra og kyni breytt. Þetta er gert til að halda trúnað við viðmælendur. Þó að sumir hafi verið tilbúnir til að koma fram undir réttu nafni var jafnt yfir alla látið ganga. Úrvinnsla etnógrafískra rannsókna er tímafrek. Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og þau síðan afrituð nákvæmlega. Í þátttökuathugunum fylgdist ég með því sem fram fór og skráði eins ítarlega og mér var unnt strax og heim var komið. Að þessu loknu voru gögnin ítrekað lesin á markvissan hátt og ákveðnir þræðir eða þemu dregin út sem niðurstöðurnar byggja á.

Eftirfarandi umfjöllun er byggð á samræðum við viðmælendur mína og þátttökuathugunum með þeim, nema annarra heimilda sé getið. Ég vil þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að ræða við mig. Án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika. Ég vil vekja athygli lesanda á því að ég vitna beint til orða viðmælenda minna. Eins og gengur í

5 Árið 1997 féllu 11% ársverka í Austur – Héraði í flokk landbúnaðar (Austur - Hérað, 2001).

talmáli slæðast stundum inn aukaorð og málvillur sem eiga ekki heima í ritmáli. Ég ákvað hins vegar að breyta í engu málfari viðmælenda minna og bið ég lesendur að sýna því skilning. Allar rannsóknarniðurstöður eru á mína ábyrgð.

5 BREYTINGAR OG BJARGRÁÐ

UMHVERFI SAUÐFJÁRRÆKTAR

Hér er varpað ljósi á utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á aðstæður fólks í Fljótsdal og þau bjargráð sem það hefur úr að velja. Ég byrja á að rekja þær breytingar sem hafa orðið á stöðu sauðfjárbænda og því reglakerfi sem þeir hafa unnið í frá 1979 þegar fyrstu tilraunir til framleiðslustýringar hófust. Því næst er gerð grein fyrir rekstrarumhverfi greinarinnar og tengslum þess við byggðastefnu stjórnvalda ásamt framtíðarhorfum atvinnugreinarinnar.

Um fjöllum þessa kafla er byggð á viðtölum við fólk úr stjórnkerfi landbúnaðarins. Hér er um að ræða aðila frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarráðuneytinu, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Landssamtökum sauðfjárbænda og leiðbeiningarþjónustu Bændasamtakanna. Það má því segja að fjallað sé um þær breytingar sem sauðfjárbændur hafa orðið að takast á við út frá sjónarhóli þeirra sem standa að nokkru utan reglakerfisins. Þó að allir viðmælendur mínir séu tengdir landbúnaði og vinni sumir hverjir við stjórnkerfi sauðfjárræktar er daglegt líf þeirra ekki háð reglum kerfisins eða breytingum á þeim.

Hagrænar breytingar í hnotskurn

Sauðfjárbændur eru náttúrlega afskaplega bognir margir... Þjókuð stétt....Til lengdar geta menn náttúrlega ekki stundað atvinnugrein sem framleiðir vöru sem ekki selst (Örn Bjarnason, Bændasamtökunum).

Þessi orð draga saman stöðu sauðfjárbænda og þann vanda sem sauðfjárrækt stendur frammi fyrir. Árið 1985 var dillakjötsframleiðsla tæp 10.800 tonn og meðalneysla á mann var 43,4 kíló. Árið 2001 voru framleidd rúm 8.600 tonn af kindakjöti og meðalneyslan var 23.8 kg (Bændasamtök Íslands, 2002; Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Sauðfé var flest á landinu í kringum 1980, á milli átta og níu hundruð þúsund og framleiðslan var mest árið 1978 eða rúm 13.000 tonn. Til samanburðar var fjárfjöldi á landinu árið 2001 um 470.000.

Þrátt fyrir stórfelldan samdrátt í framleiðslu og neyslu kindakjöts

hefur framleiðendum ekki fækkað að sama skapi. Það hefur orðið mikil tekjurýmun í greininni og er það eitt alvarlegasta vandamál hennar að mati viðmælenda minna. „Búin eru einfaldlega allt of lítil“ (Örn, Bændasamtökunum). Snorri Ágústsson, Landbúnaðarráðuneytinu segir til dæmis:

Af því að ég veit svona sirka hvernig þeir [sauðfjárþændur] hafa lifað þá eiginlega vona ég að þeir séu þeir tekjulægstu sko. Ég vildi ógjarnan sjá einhverjar stéttir verr staddar.

Fátækt þekkist innan greinarinnar og það er stöðugt erfiðara að lifa eingöngu af sauðfjarrækt⁶. Ástandið nú er þó betra en á fyrri hluta tíunda áratugarins. Sauðfjárþændur hafa það ekki eins slæmt fjárhagslega en viðmælendur mínir rekja það fyrst og fremst til betra atvinnuástands almennt. Búin eru hins vegar ekki að skila meiru af sér⁷. Reyndar er svo komið að á ákveðnum svæðum landsins skila hrein sauðfjárþú eigendum sínum nánast engum tekjum. Arnar Sigurðsson, Landssamtökum sauðfjárþænda metur stöðuna þannig:

Það er ekki til neins fyrir þetta fólk sem er með þennan tekjustandard að, það er ekki til neins fyrir það að vera að berjast með fé. Það er verst fyrir það sjálft.

Hér hef ég dregið upp einfalda mynd af hagrænum breytingum og stöðu sauðfjárþænda í dag. Til að skilja núverandi aðstæður sauðfjárþænda er nauðsynlegt að gera grein fyrir samspili reglakerfisins og greinarinnar.

Útflutningsbætur og þjóðarsátt – syndir og yfirbót?

Í upphafi 20. aldarinnar voru hvorki innflutningshöft né miðstýrðar verðlagsaðgerðir við lýði til verndar íslenskri landbúnaðarframleiðslu (Björn S. Stefánsson, 1986). Á þriðja áratugnum hófu stjórnvöld hins vegar kerfisbundnar aðgerðir til að auka landbúnaðarframleiðslu með það fyrir augum að þjóðin yrði sjálfri sér nóg um helstu nauðsynjar. Með það markmið í huga og einnig vegna áhrifa kreppunnar miklu fer að bera meira á verndaraðgerðum stjórnvalda þvert á vilja margra bænda (Vigdís Jónsdóttir, 1992). Bændur fengu styrki til jarðræktar og vélvæðingar. Í kjölfarið jókst framleiðsla landbúnaðarafurða mikið þó að enn bæri á skorti á sumum algengustu vörum fram undir lok sjötta áratugarins (Sigurður Snævarr, 1993).

Kerfisvæðing landbúnaðarframleiðslunnar hélt áfram fram eftir

6 Á tímabilinu frá 1986 til 1995 var fjórðungur bændafélks með tekjur undir opinberum fátæktarmörkum (Landbúnaðarráðuneytið, 1998).

7 Rétt er að áréttta að þau viðtöl sem þessi kaflí byggir á voru tekin haustið 2000 og 2001. Síðan þá hefur efnahagslífið gengið í gegnum ákveðna kreppu og óvíst hvernig það hefur haft áhrif á afkomu bændafélks.

öldinni þar sem innflutningshöft og miðstýrð verðlagning urðu áberandi þættir í umhverfi hefðbundins landbúnaðar. Með setningu laga um framleiðsluráð landbúnaðarins komst skipulag verðlagsmála á búvörum í fast horf. Framleiðsluráð var skipað fulltrúum bænda og afurðasölufyrirtækja. Verkefni þess voru m.a. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara, að stuðla að aukinni landbúnaðarframleiðslu og að auka framleiðni landbúnaðarins⁸. Meginforsenda verðlagningar framleiðsluráðs var að tryggja bændum svipaðar tekjur og aðrar stéttir höfðu auk þess að tryggja nægt framboð⁹ (Björn S. Stefánsson, 1986; Vigdís Jónsdóttir, 1992).

Í lok ársins 1959 var tekið upp kerfi útflutningsbóta. Í stuttu máli gekk útflutningsbótakerfið út á það að landbúnaðarframleiðsla umfram þarfir landsmanna sjálfra var flutt úr landi og naut bóta sem máttu nema allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Á áttunda og níunda áratugnum reyndi mjög á þetta kerfi. Framleiðsla kindakjöts minnkaði ekki í takt við minni neyslu innanlands¹⁰. Á sama tíma var mikil verðbólga hér á landi og markaðsaðstæður erlendis breyttust. Þar með lækkaði verðið sem fékkst fyrir framleiðsluna erlendis, og undir lok níunda áratugarins „...skilaði það að meðaltali ekki einu sinni slátur- og heildsöluverðmiðum.“ (Örn, Bændasamtökunum).

Að mati viðmælenda minna var útflutningsbótakerfið vendipunktur í þróun reglakerfis sauðfjárræktar og upphaf ómældra vandræða fyrir greinina og þau sem hana stunduðu. Allir viðmælenda minna eru harðorðir í garð þessa kerfis sem átti að virka sem stuðningstæki en snerist í höndum þeirra sem stjórnuðu því upp í andhverfu sína:

Þetta voru náttúrulega alveg fátíðlegar reglur sem giltu, það var enginn hvati fyrir útflytjandann að afla arðbærra markaða... þeir fluttu út, þeir fengu tiltekið verð, það sem bar í milli borgaði ríkið (Örn, Bændasamtökunum).

Arnar, Landssamtökum sauðfjárbænda, talaði um að útflutningsbæturnar hefðu verið það neikvæðasta sem hefði gerst í sauðfjárrækt á landinu. Það væri erfitt að kyngja því að búið væri að „...eyða 30 milljörðum í útflutningsbætur á kjöti og það stóð ekki eftir markaður fyrir eitt einasta kíló þegar því var hætt“. Á árunum 1978 - 1979 var orðið ljóst að forsendur útflutningsbóta voru brostnar og ákvæði um

8 Framleiðsluráð ákvað heildsöluverð nautgripa- og sauðfjárafurða á grundvelli ákvarðanna svonefndrar sexmannanefndar. Í henni áttu sæti þrjú fulltrúar bænda ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Sjómannafélags Reykjavíkur og Landssambands iðnaðarmanna.

9 Þetta ákvæði leiddi til þess að sauðfjárbændur gátu framleitt eins mikið og þeir gátu og fengu öruggt verð fyrir framleiðsluna óháð því hvort hægt væri að selja hana eða ekki.

10 Árið 1978 var framleiðsla á kindakjöti til að mynda 50% umfram sölu innanlands (Vigdís Jónsdóttir, 1992).

framleiðslustýringu voru loks tekin upp með breytingu á framleiðsluráðslögum árið 1979¹¹. Framleiðsluráðslögin voru síðan afnumin árið 1985 og svokölluð Búvörulög voru sett í stað þeirra. Verð búvara var enn miðstýrt en helsta breytingin fyrir bændur var sú að Landbúnaðarráðuneytið og Stéttarsamband bænda gerðu samning sem tryggði framleiðendum fullt verð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, svokallaðan fullvirðisrétt. Útflutningsbætur voru um leið lækkaðar stig af stigi og var markmiðið að þær yrðu 4% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar árið 1990. Það fjármagn sem losnaði þar um var nýtt til að efla nýsköpun til sveita. Framleiðendur voru þó enn sambandslausir við neytendur (Karl Benediktsson, 2001; Vigdís Jónsdóttir, 1992).

Að lokum var hvorki samfélagslegur né pólitískur vilji til að halda útflutningsbótakerfinu við lýði. Tilraunir til framleiðslustýringar báru ekki þann árangur sem til var ætlast. Árið 1991, í tengslum við svokallaða þjóðarsáttarsamninga á almennum vinnumarkaði, var gerður sauðfjársamningur sem hafði miklar breytingar á umhverfi sauðfjárræktar í för með sér. Útflutningsbætur voru afnumdar og niðurgreiðslum sem áður runnu til afurðastöðva var breytt í svokallaðar beingreiðslur. Það þýddi að bændur fengu beinar greiðslur frá ríkinu fyrir það magn kindakjöts sem áætlað var að seldist á innanlandsmarkaði. Á sama tíma lagði ríkið fram fjármagn til að kaupa framleiðslurétt af bændum til að fækka framleiðendum (Guðmundur Stefánsson, 1998; Sjómannanefnd, 1991).

Ög bændur auðvitað gerðu þetta til þess að halda friðinn. Þeir voru komnir í þá stöðu að verða að beygja sig í duftið í raun og veru, það má líta á þetta sem einskonar nauðungarsamning (Örn, Bændasamtökunum).

Þessi samningur hafði mikinn framleiðsluniðurskurð í för með sér. Niðurskurðurinn var ekki byggðastýrður, heldur féll jafnt á alla framleiðendur. Útflutningur gaf ekkert í aðra hönd og framleiðsla sem féll utan greiðslumarks var verðlftil. Bændur sátu eftir með mun minni framleiðslu, sama fastakostnað og þar af leiðandi mun lægri laun.

Með búvörusamningnum árið 1991 var rekinn endahnútur á aðgerðir sem hófust með setningu Búvörulaganna 1985 þegar loks var tekið á uppsöfnuðum vanda greinarinnar af alvöru. Viðmælendur mínir rifja upp að á níunda áratugnum hafi hefðbundinn landbúnaður þurft að þola mjög harkalega og jafnvel rætna gagnrýni. Bændum var lýst sem afætum og jafnvel aumingjum. Viðmælendur mínir sögðu þetta viðhorf

11 Það er rétt að undirstrika að útflutningsbótakerfið í sjálfu sér skapaði ekki vanda bændafólks. Framkvæmd kerfisins hér á landi, sem stjórnvöld báru ábyrgð á, ásamt óðaverðbólgu innanlands og breyttra markaðsaðstæðna erlendis réðu úrslitum.

hafa komið illa við marga bændur og sumir hafi hreinlega skamast sín fyrir að vera bændur. Reglakerfi landbúnaðarins var orðið svartur blettur á greininni og samfélagið krafðist yfirbótar af hálfu bændastéttarinnar. Yfirbót eða syndaaflausn í formi stórfellds niðurskurðar hefur haft margvísleg áhrif. Sumir hættu, en aðrir, kannski of margir, hafa haldið áfram búskap. Sauðfjárbúskapur er enn stundaður innan ramma fastmótaðs reglakerfis sem veitir sauðfjábændum takmarkað svigrúm til að takast á við aðstæður sínar.

Rekstrarumhverfið – atvinnugrein í hafti

Búvörusamningurinn árið 1991 færði sauðfjábændur nær hinum almenna matvörumarkaði (Guðmundur Stefánsson, 1998). Þessi samningur var endurskoðaður árið 1995 og svo aftur árið 2000 þar sem breytingar voru gerðar sem miðuðu að ná enn frekara jafnvægi í sauðfjárframleiðslu. Grundvallaratriði samningsins frá 1991 hafa þó haldist óbreytt, þ.e. kerfi beingreiðslna frá ríki til bænda.

Beingreiðslur eru beinar styrkgreiðslur frá ríki til bænda. Þær byggjast á greiðslumarki sem er bundið lögbýlum. Greiðslumark í sauðfjárrækt er það framleiðslumagn sem ríkið hefur samþykkt að styrkja. Greiðslumark er þannig kvóti á stuðning ríkisins. Beingreiðslurnar hafa til skamms tíma ekki verið tengdar framleiðslu hvers bónda. Í síðasta samningi er kveðið á um að þeir framleiðendur sem ganga inn í svokallað gæðastýringarverkefni fái stighækkandi beingreiðslur á kostnað annarra framleiðenda með það fyrir augum að þeir sem framleiða besta kjötið fái umbun erfiðis síns. Engin takmörk eru á framleiðslumagni en magn beingreiðslnanna setur framleiðslunni skorður, þar sem það borgar sig sjaldnast að framleiða án þeirra.

Enn er stundaður útflutningur og Örn (Bændasamtökunum) og Snorri (Landbúnaðarráðuneytinu) leggja báðir áherslu á betri árangur en á tímum útflutningsbóta, enda er magnið mun minna nú. Útflutningi er þannig hátt að á hverju ári er ákveðið útflutningshlutfall af heildarframleiðslunni. Haustið 2002 er það 25% sem þýðir að sauðfjábændur fá greitt útflutningsverð fyrir fjórðung af framleiðslu sinni (Landbúnaðarráðuneytið, 2002). Það eru skiptar skoðanir um ágæti þessa kerfis meðal viðmælenda minna. Snorri talar um að þetta sé eftirgjöf á innanlandsmarkaði, aðrir benda á að það þurfi að efla markaðsstarf erlendis enn meira þó að einnig sé ljóst að greinin getur ekki staðið undir miklum útflutningi þar sem framleiðslugeta hennar er takmörkunum háð.

Að mati viðmælenda minna hefur framleiðslukerfið verið mjög lokað síðustu ár. Bændur hafa átt mjög erfitt um vik að auka framleiðslu sína. Í samningnum árið 2000 var kveðið á um að ríkið keypti upp 45.000 tonna greiðslumark og að stefnt skyldi að frjálstri sölu greiðslumarks eftir

að markmið ríkisins um uppkaup hefðu náðst og eigi síðar en janúar 2004. Þetta ákvæði hefur nú þegar komist til framkvæmda.

Viðmælendur mínir höfðu skiptar skoðanir á kostum frjálsrar verslunar með greiðslumark og bentu til að mynda á þróunina í mjólkurframleiðslu þar sem þeir sögðu kvótaverð hafa rokið upp úr öllu valdi. Þeir töldu óvíst að greinin gæti staðið undir kaupum á framleiðslukvóta¹². Snorri, Landbúnaðarráðuneytinu, sagði til dæmis að „...það gæti aldrei orðið hagkvæmt að byggja hús og rækta tún ofan í kaup á greiðslumarki...“. Aðrir settu einnig spurningamerki við hvort það væri siðferðilega réttlætjanlegt og raunveruleg framtíðarlausn að heimila verslun með „ríkisstyrki“ og að bændur keyptu sér opinberan stuðning. Það er þó augljóst að þegar sala á greiðslumarki verður gefin frjálst losnar um greinina. Fólk fær svigrúm til að stækka við sig en það getur einnig haft félagslegar og tilfinningalegar afleiðingar eins og Eiríkur Ingvarsson, Landbúnaðarháskólanum, lýsir:

Í raun og veru þannig að um leið og þú með nýjum hugmyndum og nýjum verkefnum ert að skapa þér forskot þá ertu í raun og veru að troða annan niður þannig að þú færð... þetta félagslega sko andstreymi...við að þú reynir að spjara þig, þá drepurðu nágrannann...maður verður mjög var við það að sérstaklega meðal eldra fólks þá er svona er þessi, þessi tvíhyggja soldið svona erfið.

Sú samþjöppun sem óneitanlega verður skapar einnig önnur vandamál. Sauðfjárrækt er megin atvinnuvegur sumra af dreifðustu byggðum landsins. Nú þegar hefur orðið mikil „grisjun“ í sveitum „...þannig að þó menn séu að tala um að búin séu að stækka þá er á mörgum slíkum stöðum mjög bagalegt ef þeim fækkar mikið, því þá eru byggðirnar komnar að hruni“ (Örn, Bændasamtökunum). Vandí sauðfjárræktar er því í aðra röndina vandí sauðfjárræktarbyggðanna. Það er ákveðinn lágmarksfjöldi fólks sem þarf til að standa undir byggðum og „...ef það slokknar eitt ljós í sveitinni þá erum við að skapa önnur vandamál líka“ (Snorri, Landbúnaðarráðuneytinu).

Beingreiðslur – byggðastyrkir eða stuðningur við framleiðslu?

Viðmælendur mínir hafa skiptar skoðanir um hvort og hvernig megi líta á beingreiðslur sem annars vegar framleiðslustyrki og hins vegar byggðastyrki. Snorri (Landbúnaðarráðuneytinu) talaði um að eftir að beingreiðslurnar voru teknar upp hafi styrkir til landbúnaðar meiri svip

12 Í þessu samhengi má benda á að margt bendir til þess að þar sem kostir til hefðbundins landbúnaðar eru ráðandi þættir í verðgildi jarða hefur frjálst framsal greiðslumarks haft þau áhrif að lækka verðmæti véla, ræktunar og húsa. Með öðrum orðum, ef það eru ekki aðrir þættir í umhverfinu sem hækka verð bújarða, þá rýrnar hlutfallslegt verðmæti framleiðslutækjanna á kostnað greiðslumarksins.

byggðastyrkja. Að hans mati er það meginástæða þess að þjóðin sætti sig við að láta svo mikið fjármagn sem raun ber vitni í þennan málaflokk. Eiríkur (Landbúnaðarháskólanum) hefur svipaða sýn á málið. Hann telur að megin röt vandans sem sauðfjárrækt glímir við í dag sé að framleiðslutakmarkanir voru ekki byggðastýrðar frá upphafi. Stjórnámálameðlimar hafa ekki treyst sér til að stýra niðurskurði í sauðfjárrækt og það hefur þýtt flatan niðurskurð sem hefur veikt stöðu greinarinnar allrar. Hann tók skýrt fram að það væri ekki hægt að ætlast til að bændur eða Bændasamtökin hefðu frumkvæði að byggðastýringu þar sem þetta væri ekki stéttarmál í sjálfu sér heldur byggðamál. Í hans huga eru beingreiðslur fyrst og fremst greiðslur til samfélagsins til styrkingar ákveðnum byggðum.

Arnar (Landssamtökum sauðfjorbænda) sagði að eins mætti líta á beingreiðslur sem stuðning við neytendur. Byggðasjónarmiðin skipta þó einnig máli og hann sagði:

En auðvitað styður þetta byggðirnar líka og ég býst við að á þeirri forsendu hafi okkur [sauðfjorbændum] tekist að ná því fjármagni inn í sauðfjorsamning núna síðastliðinn vetur, sem raun varð á... með því að höfða til byggðasjónarmiða.

Forsenda ríkisins fyrir beingreiðslum til bænda virðist því að mörgu leyti vera byggðarök. Sauðfjárrækt hefur verið beintengd byggðastefnu stjórnvalda. Þegar sala á greiðslumarki verður frjáls er því hægt að kaupa styrki sem eru að einhverju leyti byggðastuðningur og færa þá til og frá einstökum byggðum. Þar af leiðandi virðist forsenda fyrir því að tengja sauðfjárrækt og byggðastuðning vera brostin. Mjög líklegt er að bú á ákveðnum svæðum stækki og þar af leiðandi færast beingreiðslurnar til færri og stærri framleiðanda. En hvaða leiðir er þá hægt að fara til að losa sauðfjárrækt úr þeirri klemmu sem hún er í, þar sem hún á annars vegar að lúta lögmálum markaðarins og hins vegar að þjóna sem byggðameðal?

Í máli viðmælenda minna komu fram þrjár mögulegar leiðir til að leysa þá klemmu sem sauðfjárrækt og byggðastefna virðast vera í. Það er að taka upp byggðastyrki, byggðastýrða framleiðslustyrki eða markaðstengingu með framleiðslustyrkjum.

Umræða um byggðastyrki án tengsla við einstakar atvinnugreinar er að gerast háværi innan stjórnkerfisins. Snorri (Landbúnaðarráðuneytinu) talaði um að það biði landbúnaðarins að fara í gegnum umræðu um endurskilgreiningu á atvinnugreininni í heild sinni. Í þessu sambandi er vísað til fjölbreytts hlutverks landbúnaðarins. Það vísar til þess að landbúnaður er annað og meira en frumframleiðsla matvæla. Hann hefur menningar-, sögu- og félagslegt gildi. Út frá þessu er erfitt að taka einhverjar sérstakar atvinnugreinar til hliðar og styrkja

sérstaklega. Sigurður nefnir til dæmis að það er ekkert í sjálfu sér sem segir að það ætti frekar að styrkja kindakjötsframleiðslu en aðra framleiðslu. Afurðirnar eru ekki sérstakar í sjálfu sér. Því ætti að velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að styrkja fólk til búsetu án tillits til hvað það tekur sér fyrir hendur. Svipaðar hugmyndir hafa komið fram í skýrslum Byggðastofnunar (sjá t.d. Byggðastofnun, 1999) þar sem bent hefur verið á möguleika á skattaívilnunum og afskriftum námslána fyrir íbúa ákveðinna svæða.

Byggðastýring framleiðslustyrkja gengur ekki eins langt að því leyti að beingreiðslur (eða framleiðslustyrkir í annarri mynd) myndu enn vera notaðar til byggðastuðnings. Þá fengju framleiðendur hins vegar misháar greiðslur eftir búsetu. Það er ljóst að samtök bænda gætu ekki tekið undir þessa leið. Pólitísk sátt yrði ekki um að gera upp á milli félagsfólks með þessum hætti. Það sama á við fulla markaðstengingu greinarinnar sem myndi í raun þýða að stór hluti sauðfjárræktar yrði lagður niður.

Af viðmælendum mínum hallaðist Arnar (Landssamtökum Sauðfjárnænda) helst að þeirri leið:

Það gengur ekkert upp ef við ætlum að reka sauðfjárrækt sem einhvern félagspakka sko...við verðum að reka þetta á arðssemisjónarmiðum þar sem við lifum ekkert af félagslega þættinum.

Að hans mati verður að koma sauðfjárrækt út úr byggðakerfinu og inn í markaðshagkerfið ef það á að takast að efla hana sem atvinnugrein. Þrátt fyrir markaðsvæðingu greinarinnar er ljóst að hún mun þurfa framleiðslustyrki nema neytendur séu tilbúnir að borga mun hærra verð fyrir afurðirnar. Sauðkindin er ekki hagkvæmur kjötfraðleiðandi miðað við til dæmis svín og mun ávallt eiga undir högg að sækja ef styrkja nýtur ekki við í einhverju formi. Arnar sér fyrir sér að bændur fái greiðslur í samræmi við magn og gæði framleiðslunnar. En hvað þá með byggðirnar?

Opinber byggðastefna stjórnvalda hefur verið rekin í gegnum Byggðastofnun. Löngum hefur starf hennar einkennst af „slökkviliðsaðgerðum“ þar sem fyrirtæki í vanda hafa fengið fyrirgreiðslur og lán. Á tíunda áratugnum varð ákveðin stefnubreyting í starfsemi Byggðastofnunar og nýjar markaðsvænni áherslur voru teknar upp (Byggðastofnun, 1998, 1999). Þar er lögð höfuðáhersla á að efla frumkvæði og framtak heimafólks, „að hjálpa fólki þar [á landsbyggðinni] að hjálpa sér sjálf, en ekki aðeins að taka við hlutunum frá öðrum (skáletrun höfundar) (Byggðastofnun, 1999, bls. 25). Í skýrslum Byggðastofnunar koma ýmsar áhugaverðar hugmyndir fram, en hins vegar hefur skort á framkvæmdir. Byggðastofnun hefur ekki frekar en aðrir aðilar sem tengjast málinu nein úrræði fyrir þau sem myndu missa

atvinnu sína ef sauðfjárrækt yrði markaðsvædd að fullu.

Ljóst er að það að nota sauðfjárrækt sem byggðameðal hefur ekki reynst vel fyrir atvinnugreinina sem slíka og jafnframt má spyrja hvort þessi tenging hafi reynst byggðunum vel. Að mati Eiríks (Landbúnaðarháskólanum) nægir sá byggðastuðningur sem hefur falist í beingreiðslunum ekki til að viðhalda veikustu byggðunum. Meira verður að koma til því að fólk mun ekki sætta sig við sambærileg kjör við þau sem beingreiðslur hafa þó tryggt bændum hingað til. Sauðfjárrækt þarf styrki ef vilji er fyrir hendi að halda framleiðslunni í svipuðu horfi og hún hefur verið undanfarin ár en byggðirnar þurfa einnig styrki til að verða lífvænlegri. Stjórnvöld standa frammi fyrir því að þurfa að ákveða hvort stunda eigi sauðfjárrækt sem atvinnugrein sem lýtur lögmálum markaðarins eða hvort styrkja eigi þá sem hana stunda til að halda dreifbýli í byggð. Það pólitíska hálfkák sem einkennir stöðuna í dag getur ekki verið til góðs, þar sem sauðfjárrækt á í öðru orðinu að keppa á markaði og í hinu að þjóna sem megin stoð byggðar í sveitum. Það er auglýst eftir raunverulegri byggðastefnu af hálfu stjórnvalda, sem birtist ekki aðeins í orði heldur einnig á borði „...því að hin raunverulega byggðastefna í dag af hálfu stjórnvalda, hún er bara skipulegt undanhald því miður“ (Eiríkur, Landbúnaðarháskólanum).

AÐSTÆÐUR FÓLKS Í FLJÓTSDAL

Í þessum kafla byrja ég að fjalla um þær breytingar sem átt hafa sér stað í samfélagslegu umhverfi íbúa í Fljótsdal. Því næst er gerð grein fyrir upplifun bændafélks á stöðu sinni og fjallað bæði um hagrænar aðstæður í tengslum við sauðfjárbúskap og aðra samfélagslega þætti. Að lokum er fjallað um hvernig fólk hefur tekist á við þessar breytingar, hvernig það hefur skapað sér búsetugrundvöll á svæðinu og hvaða bjargráð fólk hefur nýtt sér. Viðmælendur mínir eru allir núverandi eða fyrrverandi bændur nema annað sé tekið fram.

Breyttar aðstæður

Þær breytingar sem hafa orðið á umhverfi íbúa í Fljótsdal eru samofnar almennum erfiðleikum í hefðbundnum landbúnaði. Hefðbundinn landbúnaður hefur verið megin atvinnugrein Fljótsdælinga. Árið 2000 lagði síðasta nautgripabúið upp laupana og er nú fyrst og fremst búið með sauðfé á svæðinu. Nokkuð er þó um aukabúgreinar. Hrossabúskapur er stundaður á nokkrum bæjum, eitt minkabú er í dalnum og á einum bæ er verið að gera tilraun með býflugnaræktun.

Í kringum 1980 þegar framleiðslustýring í sauðfjárrækt var að hefjast var búið á nánast hverjum bæ í sveitinni og fjöldi fjár var mun

meiri en nú. Indriði Valdimarsson er bóndi á sextugsaldri og hefur stundað búskap í Fljótssdal síðan á áttunda áratugnum. Hann rifjar upp að um 1982 hafi bæir byrjað að fara í eyði. Hann segir ýmsar ástæður hafa legið þar að baki. Jarðir á svæðinu eru frekar litlar og þegar þrengdist að sauðfjárrækt varð erfiðara að framfleyta sér á lökustu jörðunum. Í þó nokkrum tilfellum var enginn til að taka við búskap á jörðum þegar eldri bændur létu af störfum og bújörðum fækkaði umtalsvert við síðustu kynslóðaskipti. Einn megin áhrifavaldur á sauðfjárbúskap í dalnum, ásamt versnandi markaðsaðstæðum, var hins vegar riðuveiki og óumflýjanlegur niðurskurður vegna hennar. Árið 1989 var gripið til þess ráðs að skera niður allt fé á milli Lagarfljóts og Jökulsár á Dal og hafði það mikil áhrif á landbúnað á svæðinu.

Fólk lýsir þróuninni síðan 1980 sem neikvæðri, íbúum fækkar og grundvöllur fyrir búsetu á svæðinu veikist. Tekjur hafa dregist saman og fólk er þreytt á þeim mótbyr sem það hefur lent í. Sigríður Gunnarsdóttir lýsir búskapnum sem stöðugu „basli“ og Anna, bóndi á fimmtugsaldri, segir:

Við erum búin að biða hérna í 10 ár að það fari nú eitthvað að gerast og það fer alltaf frekar niður, alltaf minni tekjur.

Þorsteinn Arnarsson, bóndi um fertugt, bendir á að algengt hafi verið að bændur „lógi niður“ og selji kvótann. Jörðin fer þá annaðhvort í eyði eða fólk býr áfram á þeim án þess að hafa fé og um leið fer starfandi sauðfjárbúum fækkandi. Þá þyngist vinnan fyrir þá sem eftir eru jafnvel þó þeir geti eitthvað stækkað við sig. Sameiginleg vinna eins og göngur og réttir verður erfiðari og eins eru takmörk fyrir því hvað fólk kemst yfir að hafa margt fé áður en þarf að kaupa utanaðkomandi vinnuafli.

Staðan í dag

Í viðtölum við bændafólk í Fljótssdal kom fram að það upplifir stöðu sína sem erfiða og jafnvel slæma. Fólk er hins vegar líka meðvitað um kosti þess að búa í dreifbýli og lítur ekki sérstaklega á sig sem fórnarlömb.

Meginvandamál sauðfjárræktar í Fljótssdal er að búin skila ekki nægilegum tekjum. Á langflestum jörðum getur fólk ekki haft landbúnað sem lifibrauð. Ragnar, bóndi á sextugsaldri segir það vonlaust að lifa eingöngu af sauðfjárrækt nema þá að hafa stærri bú en nú eru í dalnum. Það eru þá helst eldri bændur sem eiga orðið byggingar og vélar skuldlausar og þurfa ekki að fjárfesta. Aðrir bændur

tóku í sama streng. Indriði segir í þessu sambandi:

[Sauðfjarræktin] hún stendur ekki undir neinum fjárfestingum eða neinu... Maður getur ekki gert neitt. Að laga girðingu það getur verið meiriháttar mál.... Allt sem þú gerir það þarf að afla fjár einhvernvegin í það.

Síðustu ár hafa einkennst af óvissu um áframhaldandi sauðfjárslátrun á svæðinu. Sláturhús hefur, þangað til haustið 2003, verið rekið á Fossvöllum. Þar sem vinnsla þar hefur nú verið hætt aukast erfiðleikar sauðfjárnænda á svæðinu. Bæði missa margir tímabundna vinnu við slátrun en einnig eykst kostnaður við flutning sláturfjár sem bændur kosta sjálfir. Útlitið í sauðfjarrækt á svæðinu er því ekki sérlega bjart. Eftirfarandi orð Ragnars endurspeglar stöðu mála vel:

Þeir sem eru í þessum búskap í dag, þeir eru í þessu nánast fyrir hugsjón held ég, fyrir að þeir hafi gaman af þessu.

Fleiri bændur taka undir orð Ragnars og segja búskap með sauðfé nálgast það að flokkast undir lífsstíl. Fólki þarf enda að koma sér upp ákveðnum lífsstíl til að geta búið og gæta þess „að sníða sér stakk eftir vexti“ (Þórunn Óskarsdóttir).

Eins og fram hefur komið, hefur íbúum í Fljótisdal fækkað síðustu ár. Fljótisdalshreppur er enn sem komið er sjálfstætt sveitarfélag, með 83 íbúa skráða með lögheimili þar 1. desember 2001. Fólksfækkun ásamt almennum samfélagslegum breytingum hefur haft margvísleg áhrif á svæðinu.

Í viðtölum við bændaþólfk kom fram að fámennið hefur töluverða ókosti hvað varðar borgaralegar skyldur íbúa sveitarfélagsins. Þó að það færast enginn undan því að gegna þeim þá er fólk misvirkt þannig að oft vilja störfín lenda á þeim sömu sem fá svo á endanum nóg. Nálægðin gerir fólki líka erfitt fyrir. Þorsteinn lýsir því:

Ef það á að fjalla um einhver mál sem varða íbúana þá er annar hver maður vanhæfur og þetta eru vinir og nágðannar og allt svoleiðis og þetta er náttúrlaga orðið mjög erfitt þannig sko, á allan hátt.

Sumir eru í mörgum nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins og að vissu leyti hefur þetta dregið úr annarri félagastarfsemi. Kristín Jónsdóttir og Jóhann Brandsson eru hjón á fertugsaldri sem hafa stundað búskap í um 15 ár í dalnum. Þau benda á að hefðbundinn félagsskapur eigi erfitt uppdráttar. Starf kvenfélagsins hefur að miklu

leyti legið niðri og lítil starfsemi er í búnaðarfélagi og fjárræktarfélagi svæðisins¹³. Fólk er einfaldlega komið með nóg á sína könnu vegna nauðsynlegra skyldustarfa.

Erfiðleikar í sauðfjárrækt hafa verið nokkuð í almennri umræðu í þjóðfélaginu á undanförunum árum. Viðmælendur mínir töldu flestir að ímynd sauðfjárræktar og landbúnaðar hefði batnað allra síðustu ár en væri þó enn ekki nægilega góð. Indriði segir að neytendur líti bændur skárri augum nú en fyrir nokkrum árum og betri pólitísk sátt virðist vera um landbúnaðinn. Kristín segist stundum verða vör við það að fólk skilji ekki af hverju einhver hafi áhuga á að búa í sveit, langt frá næsta þéttbýli. Henni finnst oft hafa verið gert niðurlægjandi grín af bændum og þeim lífsstíl að búa í sveit. Hún og Jóhann taka þó undir það að ímynd bænda hafi breyst til batnaðar á síðustu árum. Þau benda á að bændur hafi nú betri tækifæri til að mennta sig og einnig séu margir að átta sig á því að hægt sé að búa í sveit án þess að hafa búskap. Nú sé allskonar fólk að sækjast eftir kostum sveitalífsins.

Í viðtölum við bændur kom fram að breytingar og aðstæður í sauðfjárrækt hafa tekið á fólk. Það er erfitt að „basla“ og halda reisin sinni óskertri. Stundum má finna fyrir vanmáttarkennd gagnvart því reglakerfi sem smíðað hefur verið utan um atvinnugreinina. Sumir upplifa sig sem þolendur og valdalaus gagnvart kerfinu. Indriði segir að það sé nokkuð um það að bændur séu bitrir, bæði gagnvart reglakerfi stjórnvalda og þeim aðstæðum sem þeir upplifa sig í. Hann segir að þetta eigi sérstaklega við fólk sem kemur inni búskap fullt áhuga en lendir í basli vegna rekstrarerfiðleika. Baslið „smækkar“ fólk og það sé napur raunveruleiki að svo erfitt sé fyrir ungt fólk að koma inn í greinina. Á sama tíma eiga aðrir í erfiðleikum með að hætta. Ragnar og Anna segjast t.d. ekki hafa efni á því að flytja þó þau vildu. Þau myndu ekki fá neitt að ráði fyrir jörðina og húsin, ef til vill nóg til að leigja litla íbúð í Reykjavík.

Sauðfjárbúskapur og búseta í sveit hefur þó sína kosti. Út frá orðum viðmælenda minna er erfitt að halda því fram að þau séu bundin einhverskonar áttahagafjötrum heldur vilja þau búa á svæðinu og eru tilbúin til að leggja töluvert á sig til að svo megi verða. Kristinn lýsir því ágætlega hvað hann sér við það að búa í sveit með sauðfé:

Ég held að það sé ekkert verra að vera hérna en að vera í svona bara einhverri vinnu utan búss... bara á lægsta kaupi. Maður er frjálss, maður er svona sinn herra og getur svona hagað sér dálítið eftir því... en auðvitað þarf maður að halda vel á spöðunum.

¹³ Kristín segir að kannski sé ekki lengur mórall fyrir „hefðbundum“ félagsskap eins og kvenfélögin hafa orð á sér fyrir að vera en saknar þess að ekki sé meiri grundvöllur fyrir félagsstarfi íbúa á svæðinu.

Þó að hér hafi verið dregin upp nokkurs konar kyrralífsmynd af hagrænum og samfélagslegum aðstæðum fólks í Fljótsdal situr fólk ekki með hendur í skauti. Það tekst á við aðstæður sínar og breytingar sem gerendur á margvíslegan hátt. Hér á eftir er fjallað um nokkrar þeirra aðferða sem fólk nýtir til að geta búið þar sem það vill.

Bjargráðin stór og smá

Fólk í Fljótsdal beitir ýmsum aðferðum til að takast á við aðstæður sínar. Langflestir vinna eitthvað utan heimilis og eru oft og tíðum í mörgum störfum. Störf fólks eru margvísleg, sumir sækja vinnu til Egilsstaða eða Hallormsstaðarskóla, aðrir sinna tímabundnum störfum við slátrun, rúning, smalamennsku, vegavinnu, skógarhögg og girðingarviðhald auk skógræktar á vegum Héraðsskóga. Einnig er nokkuð algengt að fólk hafi skapað sér aukatekjur á jörðum sínum, t.d. með ferðaþjónustu, aukabúgreinum og þróun í sauðfjárrækt. Það er algengt að heimilistekjur fólks komi úr ýmsum áttum. Aðspurður hvernig gangi að samþætta mörg störf segir Þorsteinn:

Það er bara að láta allt drasl last (bros). Það gengur náttúrulega ekki nógu vel í rauninni því að það bitnar alltaf á einhverju sko.

Indriði tekur í sama streng og segir að of mörg aukastörf séu óásættanleg við sauðfjárbúskapinn. Það er yfirleitt hann sem rekur þá á reiðanum og að auki er mikið vinnuálag á fólki sem sé slítandi til lengdar. Þeim og fleirum þykir þetta ástand óskemmtilegt og vildu gjarnan hafa rýmri tíma og fjárráð til að leggja meiri metnað í búskapinn og sinna honum sem skyldi.

Ferðaþjónusta er ofarlega í hugum margra þegar rætt er um framtíðarmöguleika á svæðinu. Hjón á tveimur bæjum hafa farið út í ferðaþjónustu sem aukabúgrein. Annars vegar er um að ræða bændagistingu og hins vegar skipulegar hestaferðir upp á hálendið norðan Vatnajökuls. Bændagistingin er framtak hjóna á sextugsaldri sem tóku við jörð og húsum þar í niðurníðslu og endurbyggðu hlöðu og innréttuðu hana sem tvær íbúðir til útleigu. Íbúðirnar eru nú bókaðar meirihlutann af árinu og að sögn þeirra eru þær sérlega vinsælar af veiðifólki. Auk þess hafa þau komið sér upp aðstöðu við bakka Lagarflióts til þess að taka á móti Lagarfliótsorminum, ferju sem flytur ferðafólk í útsýnisferðir upp Löginn til og frá Egilsstöðum. Þessi starfsemi gefur þeim mikilvægar aukatekjur en jafnframt vinna þau bæði aðra vinnu meðfram.

Í upphafi tóku fjórir aðilar sig saman og hófu hestaferðirnar. Nú eru aðeins ein hjón eftir og eru þau í samstarfi ferðaþjónustufyrirtæki á

Suðurlandi. Hestaferðirnar eru fyrst og fremst farnar yfir hásumarið, frá seinni hluta júní fram í miðjan ágúst. Að þeirra sögn er allskyns fólk sem fer í ferðirnar og margir koma oftar en einu sinni. Það er mikil vinna í kringum þessar ferðir en þær veita meginhluta af tekjum þeirra. Þau stunda einnig aðra vinnu með en vonast til að geta aukið ferðaþjónustuna á einhvern hátt. Eins og er þá er ferðatímabilið of stutt. Þessir aðilar eiga það sameiginlegt að þau leggja mikla áherslu á að fólk á svæðinu þurfi sjálft að hafa frumkvæði að hlutunum. Þau vildu hins vegar einnig sjá skilvirkara og sterkara stoðkerfi til að aðstoða fólk við að móta og hrinda nýsköpunarverkefnum í framkvæmd.

Fólk hefur ýmsar hugmyndir um ferðaþjónustu sem hugsanlegt er að gangi upp. Þar má nefna aukna hálendisferðamennsku, sportveiðar, vetrarferðir, uppbyggingu tjaldstæða og uppbyggingu á ódýrum gistimöguleikum. Það getur verið mikil áhætta að setja traust sitt á nýsköpunarverkefni, sérstaklega ef það byggir ekki á því sem fyrir er. Það er samdóma álit flestra að sauðfjárbúskapur sé enn meginstoð byggðar á svæðinu og ýmsir hafa verið að þróa hann sér til framdráttar. Margir bændur í Fljótsdal eru með fleira fé heldur en þeir hafa greiðslumark fyrir. Á þann hátt nýta þeir bæði hús og tún betur en hins vegar skilar þessi umframframleiðsla ekki miklum tekjum inn í reksturinn. Fólk hefur einnig verið að fitja upp á nýjungum í sauðfjárrækt. Hjón á einum bæ stunda lífræna framleiðslu og annað dæmi er að margir er nú farnir að setja á fé út frá niðurstöðum ómskoðunar á vöðvabyggingu skepnanna. Rétt eins og með ferðaþjónustuna hefur fólk margar hugmyndir um hvernig væri hægt að efla sauðfjárrækt í framtíðinni, bent var á mögulegan ávinning af markaðsstarfi erlendis og ónýtta möguleika í tengslum við lífræna eða vistvæna framleiðslu.

Þrátt fyrir að sauðfjárrækt sé enn sem komið er mikilvægasta atvinnugrein Fljótsdælinga er hún í æ ríkari mæli að þróast yfir í hlutastarf. Fólk vinnur mjög mikið með búrekstrinum og víst er að mörgum þykir það súrt í broti að geta ekki einbeitt sér betur að sauðfjárræktinni. Fólk hefur sýnt dugnað og hugkvæmni við að ná endum saman og tekist á við aðsteðjandi erfiðleika oft og tíðum á árangursríkan hátt.

Virkjunaráform norðan Vatnajökuls hafa verið mikið í umræðunni á undanförunum misserum í þjóðfélaginu. Risavaxið verkefni eins og Kárahnjúkavirkjun hefur sitt að segja í litlu samfélagi eins og Fljótsdal. Sitt sýnist hverjum en það er ljóst að umræðan (sem nú hefur þróast yfir í framkvæmdir) lætur engan ósnortinn. Þórunn Óskarsdóttir bóndi á fimmtugsaldri, dró saman það viðhorf sem margir viðmælenda minna höfðu gagnvart hugsanlegri virkjun:

Ég held að það séu náttúrulega margir ósáttir við það að það skuli þurfa að vera þannig að þetta sé það bjargráð sem menn sjá....En hins vegar sjá það allir að byggðunum blæðir út...þetta er vont en það er eitthvað.

Hér mun ég ekki fara nánar úti umfjöllun um virkjun sem bjargráð í Fljótsdal en einbeita mér að áhrifamiklu nýsköpunarverkefni á svæðinu, Héraðsskógum¹⁶.

6 HÉRAÐSSKÓGAR

Í þessum kafla er fjallað um upphaf, viðtökur og þróun Héraðsskógaverkefnisins. Ég byrja á að rekja sögu og forsendur Héraðsskóga út frá opinberum gögnum. Því næst er fjallað nánar um upphaf og stofnun Héraðsskógaverkefnisins. Í þriðja lagi er gerð grein fyrir viðtökum þess meðal heimafólks og embættismanna og að lokum er fjallað um hvernig verkefnið hefur verið þróað á svæðinu.

SAGA, MARKMIÐ OG TILGANGUR HÉRAÐSSKÓGA

Rætur Héraðsskógaverkefnisins liggja aftur til annars skógræktarverkefnis á svæðinu, svokallaðrar Fljótsdalsáætlunar. Á sjöunda áratugnum var að frumkvæði Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Austurlands farið að undirbúa skógrækt á nokkrum jörðum í Fljótsdal. Verkefnið var skipulagt á þann hátt að bændur létu í té land og héldu við girðingum. Skógrækt ríkisins greiddi allan stofnkostnað: girðingar, plöntur og vinnu við gróðursetningu. Fyrstu plönturnar voru gróðursettar sumarið 1970 en alls miðaðist verkefnið við gróðursetningu í 1500 hektara lands (Héraðsskógar, 1995).

Árið 1986 skilaði svokallaður Auðlindahópur, skipaður af forsætisráðuneytinu, skýrslu um landnýtingu og landkosti á Íslandi. Þar kom fram að rækta mætti nytjaskóg á nokkrum stöðum á landinu, þar á meðal á Fljótsdalshéraði. Höfundar skýrslunnar hvöttu til nytjaskógræktar og skipti hún miklu þegar kom að því að afla Héraðsskógaverkefninu fylgis. Um vorið 1987 héldu Skógræktarfélag Austurlands og Skógræktarfélag Íslands fund um hlutverk skógræktar á Austurlandi. Á fundinum var samþykkt tillaga til stjórnvalda um að útvega aukið fé til skógræktar í fjórðungnum (Héraðsskógar, 1995).

Í maí 1988 stofnuðu áhugasamir bændur Félag skógarbænda á Héraði og Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu sem þingmenn

¹⁶ Nánari umfjöllun um virkjun sem bjargráð og viðhorf íbúa Fljótsdals til hennar má finna í meistararitgerð höfundar, (Gunnar Þór Jóhannesson, 2003)

Austurlands lögðu fram um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Þar með fór málið í ákveðinn farveg í stjórnkerfinu. Árið 1989 samþykkti þáverandi ríkisstjórn að „klæða skyldi skógi allt nýtanlegt skógræktarland á Fljótsdalshéraði á næstu 40 árum“ (Héraðsskógar, 1995, bls. 14), og lagði fram fé til undirbúningsstarfs. Málið var kynnt bændum á Upphéraði og á sama tíma var verkefnið mótað. Verkefninu var úthlutað 15 milljónum á fjárlögum 1990, aðeins fjórðungi af því sem óskað hafði verið eftir. Skipulagning og undirbúningur hélt þó áfram og gerð var 40 ára kostnaðar- og framkvæmdaáætlun sem náði til 15 þúsund hektara lands. Drög að lögum og samningum við bændur voru einnig samin (Héraðsskógar, 1995). Allt að 90 landeigendur voru tilbúnir til að hefja þátttöku í verkefninu á þessum tíma. Verkefnið fékk 10 milljóna framlag á fjárukalögum 1990 og hófust þá framkvæmdir, gróðursetning og girðingarvinna. Þrátt fyrir það dróst að leggja frumvarp til laga um verkefnið fyrir Alþingi til samþykktar. Það var loks gert vorið 1991 og voru löggin samþykkt á Alþingi þann 11. mars 1991 (Alþingi, 1991).

Fyrstu ár Héraðsskóga náði verkefnið til Upphéraðs, eða svæðisins suður af Eiðum. Undir lok tíunda áratugarins var ákveðið að víkka verkefnið út yfir allt Fljótsdalshérað. Verkefnið er framkvæmt þannig að bændur eða landeigendur gera samning við Héraðsskóga um skógrækt á jörðum sínum. Þeir fá greidd 97% af kostnaði sem af skógræktinni hlýst og þegar úrvinnsla fer að skila arði greiða þátttakendur hluta af honum til baka til ríkisins. Árið 2001 voru 104 landeigendur á Fljótsdalshéraði samningsbundnir Héraðsskógum og þar af voru 21 jörð í Fljótsdal. Það ár fékk verkefnið rúmar 86 milljónir á fjárlögum til að standa straum af starfsemi (Héraðsskógar, 2001a).

Tilgangur og markmið Héraðsskóga koma fram í lögum um verkefnið. Í fyrstu grein laganna segir:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði. Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun (Alþingi, 1991).

Meginmarkmið Héraðsskóga er:

...með ræktun nytjaskóga að stuðla að þróun og viðhaldi byggðar á Fljótsdalshéraði. Þannig er verkefnið bæði byggða- og skógræktarverkefni. Skógana skal rækta í

landi bænda og annarra landeigenda á svæðinu. Skulu þeir verða í umsjón landeigenda og tekjugjafi þeirra í framtíðinni (Héraðsskógar, 2002).

Markmið og stefna Héraðsskóga er einnig að hvetja til smáiðnaðar og í samvinnu við heimamenn að skapa ný atvinnutækifæri tengd skógrækt. Þar má nefna ferðapjónustu, úrvinnslu skógarafurða og smáiðnað í formi minjagripaframleiðslu (Héraðsskógar, 2001b). Hlutverk stofnunarinnar Héraðsskóga er að vera „...stjórnar- og skipulagningaraðili við uppbyggingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem sjálfstæðrar atvinnugreinar meðal bænda. Stefna Héraðsskóga er að færa alla verkþætti út í sveitirnar.“ (Héraðsskógar, 2002).

Það liggur ljóst fyrir að tilgangur verkefnisins er að styrkja byggð og nytjaskógrækt er verkfæri í þeim tilgangi. Verkefnið er öðrum þræði byggðapólitískt, en er ekki sett upp sem markaðsfyrirtæki, þó að sá möguleiki sé fyrir hendi samkvæmt lögunum.

UPPHAFIÐ

Segja má að Héraðsskógaverkefnið sé að vissu leyti útvíkkun á Fljótsdalsáætlun. Hvatinn að því var ekki síst fyrrnefndir erfiðleikar í sauðfjárrækt og sagði Sigurður Gunnarsson, starfsmaður Héraðsskóga, m.a. að Héraðsskógar hefðu verið „ákveðin afleiðing af riðuveikisniðurskurðinum“. Páll Björnsson, starfsmaður Héraðsskóga, vísar til skýrslu auðlindahópsins (sjá að framan) og góðrar reynslu af Fljótsdalsáætlun sem meginforsendna fyrir því að fólk fór að huga að auknu fjármagni til skógræktar. Í þessu sambandi má ekki gleyma þætti þeirra sem töluðu fyrir skógrækt sem aukabúgrein, og sem þannig opnuðu augu fólks fyrir þeim möguleikum sem skógræktin er. Guðrún Gísladóttir, starfsmaður Héraðsskóga, sagði að á upphafsárum Fljótsdalsáætlunar hafi sú hugsun ennþá verið ríkjandi hjá mörgum að sauðfjárrækt og skógrækt gætu ekki farið saman en málf lutningur skógræktarfólks hafi skipt miklu til að breyta þeim viðhorfum.

Frumkvæði að stofnun Héraðsskóga kom úr mörgum áttum og það er misjafnt hvernig hlutur bænda er metinn í því sambandi. Páll segir:

En ég held að það verði kannski aldrei sagt að það voru bændur sem hvöttu fyrst og fremst til skógræktar, það voru ekki eingöngu skógræktarmenn eða þingmenn eða eitthvað slíkt, heldur vann þetta allt saman, það var enginn einn tekinn þarna útúr.

Sigurður lagði meiri áherslu á þátt bændanna. Hann sagði þá hafa verið

að leita sér að einhverju nýju til að taka sér fyrir hendur til að nýta landið og í rauninni til að hafa að einhverju að hverfa þar sem ekki mátti taka fé aftur í tvö til þrjú ár eftir riðuniðurskurð. Hann nefnir stofnun Félags skógarbænda og segir að þeir hafi þrýst á um skógræktarverkefni. Aðspurður sagði Sigurður að það mætti segja að bændur hefðu alfarið átt frumkvæði að Héraðsskógaverkefninu, en þó ásamt Skógrækt ríkisins. Þessir aðilar drógu verkefnið í gang, en embættismenn og sérfræðingar voru til aðstoðar.

VIÐTÖKUR OG ÞRÓUN

Héraðsskógaverkefninu virðist hafa verið tekið vel á sínum tíma. Að vissu leyti má segja að jarðvegurinn fyrir skógrækt hafi verið plægður með framkvæmd Fljótsdalsáætlunar. Viðtökur og þróun skógræktar á Héraði gekk þó ekki snurðulaust fyrir sig. Ákveðin átök og/eða tregða hafa komið í ljós bæði í sambandi við stofnun og þróun skógræktarstarfsins. Á þeim tíma sem Fljótsdalsáætlun var að komast á laggirnar skiptist fólk í tvær fylkingar. Það var sauðfjarræktarfólk og skógræktarfólk. Þáll lýsir umræðunni í samfélaginu á þessum tíma:

Þá voru bara stríð á milli búgreina sko, það var bara talað um skógrækt og sauðfjarrækt sem andstæður og þegar að forystan talar svona máli þá munu náttúrlega þeir sem eru í grasrótinni líka trúá því að þetta sé svona.

Indriði tekur í sama streng þegar hann rifjar viðtökur Fljótsdalsáætlunar upp. Hann segir að það hafi ekki verið mikill meðbyr þegar farið var af stað með það verkefni. Það tengdist sérstaklega því að bændur máttu hreinlega ekki missa land undir skógrækt á þeim tíma. Þá var búið á hverjum bæ og sauðfé var miklu fleira á svæðinu. Jafnframt nefnir hann að mikilvægt atriði hafi verið að Skógrækt ríkisins hafi ekki samþykkt neina beit í skógi, land sem var lagt í skógrækt var lokað um aldur og ævi og það var eitthvað sem margir bændur gátu ekki sætt sig við.

Þrátt fyrir þessa vankanta á Fljótsdalsáætlun nefndu flestir viðmælendur mínir sögu skógræktar á svæðinu og náttúrufar sem helstu ástæður fyrir því að fólk tók vel í að hefja skógrækt á jörðum sínum þegar Héraðsskógaverkefnið fór af stað. Þorsteinn segir t.d.:

Menn [eru] búnir að sjá það að það er vel hægt að rækta skóg á þessu svæði og búið að vera náttúrlega á Hallormsstað heilmikil svona skógarvinnsla og þannig að, margir hérna af íbúum hér sem hafa verið tímabundið í skógræktinni og þekkja heilmikið til skógræktar.

Vegna heppilegs loftslags og náttúrufars gengur skógrækt mjög vel á svæðinu og þannig finnst fólki skógrækt vera raunhæfur kostur. Einn viðmælandi minn sagði að búið væri að innprenta í fólk að það væri skynsamlegt að rækta tré. Því sé almennur velvilji til skógræktar á svæðinu. Þetta sé afrakstur fræðslustarfs frá Hallormsstað, eitthvað sem hafi síast inn í fólk með móðurmjólkinni. Guðrún tók í sama streng. Hún sagði skógræktarstarf fyrir tíma Héraðsskógaverkefnisins skipti höfuðmáli. Fólk vill ekki taka mikla áhættu á krepputímum eins og voru í samfélaginu við upphaf verkefnisins. Því var mjög mikilvægt fyrir fólk að sjá árangur Fljótsdalsáætlunar svart á hvítu.

Hagrænar forsendur verkefnisins eru þó ekki síður mikilvægar. Grímur Erlendsson, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Austurlands, segir að margt hafi breyst þegar tryggt fjármagn kom inn í dæmið með samningi við ríkið. Miklu skipti að þau laun sem fólk var að fá fyrir verktakavinnu sína voru ekki lágmarkslaun. Verkefnið var því trygg tekjuuppspretta sem munaði um í heimilishaldi fólks. Að hans mati breyttu peningarnir í rauninni viðhorfum mjög margra. Viðmælandur mínir bentu einnig á að byggðarsjónarmið hefðu haft töluvert mikið að segja í þeirri vinnu sem var lögð í að koma Héraðsskógaverkefninu af stað. Sveitirnar voru að tæmast og meðal bænda og annarra íbúa var eindrægur vilji til að breyta hlutunum eða reyna nýjar leiðir. Með þátttöku í Héraðsskógaverkefninu sá fólk fram á að geta aukið tekjur sínar af jörðunum.

Ákveðnir byrjunarörðugleikar tengdust uppbyggingu verkefnisins. Sigurður segir að verkefnið hafi ekki verið skipulagt á réttan hátt. Fólk var vant starfsemi Skógræktar ríkisins sem virkaði þannig að stofnunin komst yfir land, eða fékk afhent land frá bændum og svo sá Skógræktin um framkvæmdir á því landi. Bændur litu þannig á að þeir væru búnir að afsala sér landi og komu ekkert nálægt framkvæmdunum. Svona gekk þetta fyrsta árið hjá Héraðsskógum. Öllum framkvæmdum var varpað yfir á stjórn og framkvæmdastjóra verkefnisins og Héraðsskógar réðu gríðarlegan hóp af fólki til að vinna við gróðursetningu. Það kom fljótlega í ljós að verkefnið myndi ekki ganga með þessum hætti og eftir fyrsta árið var skipulagningu þess breytt þannig að bændur og landeigendur tóku ábyrgð á framkvæmdum. Við þá skipulagsbreytingu breyttist viðhorf fólks og fleiri komu af fullum krafti í verkefnið.

Eins og skýrt kemur fram í lögum um Héraðsskóga er verkefninu ætlað að styrkja búsetugrundvöll svæðisins. Vilji heimafélks til að framkvæma Héraðsskógaverkefnið virðist hafa verið eindreginn en þrátt fyrir almennan vilja stjórnvalda til að styrkja byggð voru ýmis ljón á veginum. Páll lýsir því að „á fyrstu tímum Héraðsskógaverkefnisins þá voru margir sem vildu það feigt.“ Hann sagði að það hefðu fyrst og fremst verið embættismenn í stjórnkerfinu í Reykjavík sem hafi verið tregir til að styðja verkefnið. Að hans mati björguðu stjórnmalamennirnir

verkefninu. Bæði Páli og Guðrúnu finnst viðhorf embættisfólks hafa breyst mikið. Það er ekki sami andi frá stjórnvöldum og kerfinu „fyrir sunnan“ og var. Að þeirra mati skiptir þar miklu hversu vel heima fólk tók verkefninu og sýnilegur árangur þess.

Sigurður talar líka um að samskiptin við stjórn mála- og embættismenn hafi gengið upp og ofan. Hann segir að stjórn málamenn séu fyllilega búnir að átta sig á byggðaáhrifum verkefnisins og viðhorf þeirra hafi breyst mjög til batnaðar. „Embættismennirnir eru soldið tregari“ segir hann og heldur áfram:

En svona í byrjun náttúrliga til að fá hjólin til að snúast, það kostaði, blóð svita og tár sko, en það hafðist, það var tregt náttúrliga til að byrja með, var tregt í kerfinu.

Sigurður talaði um að fólk hefði hreinlega ekki haft trú á að þetta verkefni myndi ganga upp. Þetta hefði verið í fyrsta skipti sem farið hefði verið út í svona langtímaáætlun og það kostaði mikla vinnu að fá fólk til að trú á því að þetta myndi ganga upp. Páll, Guðrún og Sigurður tengja þessa tregðu embættisfólks, sérstaklega í upphafi verkefnisins, við að stjórn þess er í höndum heimaáðila. Sigurður nefnir að stjórnin sé skipuð beint af ráðherra og fari þannig strangt til tekið ekki eftir hefðbundnum leikreglum. Embættismennirnir hafi þannig ekkert um verkefnið að segja.

Miði okkur ekki áfram með okkar hagsmunamál í gegnum okkar ráðuneyti þá bara förum við framhjá því... við stytum okkur leið, inn á þing, eða förum beint í ráðherrann... þar af leiðandi virðist vera ákveðin tregða og pirringur. (Sigurður).

Öll leggja þau áherslu á að það skipti máli um viðhorf embættisfólks að valdið sé fært út til héraðs frá kerfinu fyrir sunnan. Embættisfólk hefði ekki viljað setja af stað verkefni sem hefði möguleika á að stjórna sér sjálf¹⁷.

Viðtökur við Héraðsskógaverkefninu voru almennt góðar en þó

17 Þrátt fyrir að viðhorf embættiskerfisins hafi breyst til batnaðar virðist skipulag og framkvæmd Héraðsskóga enn valda tregðu og/eða pirringi á sumum sviðum. Hingað til hafa framkvæmdir landeigenda á jörðum sínum ekki þurft að fara í gegnum umhverfismat af hálfu Skipulagsstofnunar en haustið 2001 voru uppi hugmyndir um að taka það upp á grundvelli þess að skógræktin flokkist sem meiriháttar aðgerð í umhverfinu. Að mati starfsfólks Héraðsskóga og sumra bænda hefði það verið ógnun við verkefnið. Umhverfismat þýðir að þeirra mati aukið skrifræði og umtalsverðan aukakostnað sem kæmi beint niður á tekjum bænda. Stofnkostnaður bænda myndi hækka mikið og því myndi þetta frekar letja fólk til þátttöku en hvetja það og síðast en ekki síst myndi vinna fyrir sérfræðimenntað fólk minnka og færast suður yfir heiðar. Stjórnendur Héraðsskóga hafa verið alfaríð á móti því að skógræktin falli undir valdsvið Skipulagsstofnunar. Nú er búið að fella úrskurð um þetta mál og reglum um verkefnið verður ekki breytt að svo stöddu. Hins vegar tel ég að erfitt sé til lengdar að líta framhjá því að hér er um meiriháttar breytingu á ásjáð landslags að ræða þó að framkvæmdir hvers og eins landeiganda flokkist ekki sem slík. Það má því setja spurningamerki við hvort að ekki sé óumflýjanlegt að taka upp umhverfismat fyrir verkefnið í heild sinni en auka þá jafnframt framlög til verkefnisins sem nemur þeim kostnaði.

vekur athygli hversu erfiðlega hefur gengið að fá viðurkenningu embættismannakerfisins. Hugsanleg velgengni langtímaverkefnis eins og þessa ræðst ekki síst af áframhaldandi þróun þess eftir stofnsetningu og þar skipta ýmis atriði máli.

AÐ SKJÓTA RÓTUM

Nokkrir þættir virðast hafa haft mikil áhrif í þá átt að heimafólk skyldi taka verkefninu jafn vel og raun varð á og að sá stuðningur hafi haldist.

Þátttaka bænda og landeigenda í skipulagningu og þróun verkefnisins er grundvallaratriði í þessu samhengi. Héraðsskógaverkefnið er skipulagt sem verkefni bændafólks. Það hefur sjálfstæða stjórn og er ekki háð stjórnkerfinu í Reykjavík. Verkefnið fær ákveðna upphæð til að spila úr og fólk á svæðinu ber fulla ábyrgð á framkvæmdum. Sigurður segir að „...þar af leiðandi virðist koma einhvernvegin sjálfkrafa innbyggður metnaður, að láta þetta skila sem mestu“.

Guðrún undirstrikar að lykilatriði við gang verkefnisins sé að stjórnun þess sé á svæðinu. Bændur hafa mjög gott aðgengi að starfsfólki Héraðsskóga, það eru engir sérstakir viðtalstímar og fólk getur verið það sjálft. Hún segir að það sé höfuðatriði að bændur upplifi sig sem virka þátttakendur í framkvæmd verkefnisins. Þannig getur fólk verið stolt af vinnu sinni og bætt land sitt. Páll segir að skógrækt sé eins og hver önnur búgrein, yfirleitt er það þannig að sá sem er góður fjárbóndi sé einnig góður skógarbóndi. Þau sem koma inn í verkefnið af fullum krafti til þess að rækta skóg ná miklu meiri árangri en þau sem vilja fá ræktaðan skóg á jörðum sínum. Guðrún og Páll segja bæði að samskipti við bændur hafi gengið vel. Páll segir að það séu ekki allir í einhverjum „já-kór“, og það séu heilbrigð skoðanaskipti, en líka greinileg jákvæðni í samfélaginu. Starfsfólk Héraðsskóga leggur áherslu á að það sé ekki að ýta fólki út í skógrækt. Guðrún segir það hjálpa svolítið til að nánast allir starfsmenn Héraðsskóga búa í sveit. Það minnkar enn aðgreininguna á þeim og bændafólki, það séu eins lágir veggir á milli þeirra og hægt er. Það að skrifstofan sé eins opin og raun ber vitni getur þó stundum skapað álag í vinnunni. Hins vegar séu þessi samskipti við þátttakendur í verkefninu nauðsynleg fyrir framgang þess. Eftirfarandi orð Sigurðar draga kjarna Héraðsskógaverkefnisins fram:

Héraðsskógar eru ekki stofnun, eða ríkisstofnun sem að yfirtekur lönd og menn afsala sér eignahaldi. Heldur,

framkvæma þeir sjálfir, verkefnið vinnur til þess að styrkja innviði hvers bús um sig til þess að hvetja menn til dáða... Héraðsskógar er í raun og veru samheiti þeirra landeigenda sem eru í því... frumkvæðið er þeirra, það er það sem gildir.

Annað atriði sem hafði áhrif á það að fólk tók vel í verkefnið var að skógrækt var stillt upp sem nýrri aukabúgrein. Þannig var reynt að komast hjá því að stilla skógrækt upp sem andstæðu við sauðfjárrækt. Sigurður sagði að það hefði tekið smá tíma fyrir bændur að sjá að það væri engin fyrirstaða að stunda skógrækt og sauðfjárrækt saman. Aðspurður sagði hann að í fyrstu hefðu menn kannski ekki verið tilbúnir að prófa, þeir hafi ekki skilið hvernig í ósköpunum þetta ætti að ganga. Sigurður sagði að þau hefðu hvatt bændur til að beita sauðfé í skóga sem voru fyrir á jörðum þeirra og árangurinn lét ekki á sér standa.

Indriði segir að afstaða stjórnenda Héraðsskóga hafi skipt miklu um breytt viðhorf bænda til skógræktar. Hann segir það „ekkert mál“ að fella skógrækt að öðrum búskap. Einungis þurfi að skipuleggja jörðina, ákveða að taka ákveðna spildu undir skógrækt, planta í hana og svo eftir ákveðinn tíma, þegar plönturnar eru búnar að ná ákveðinni hæð, þá sé tilvalið að byrja að beita í skóginn. Ragnar og Anna tóku undir þetta og sögðu að það væri hreinlega til bóta að beita í skóga, mosamyndun yrði ekki eins mikil og eins hentaði það skepnunum. Fólk er hætt að líta á skógrækt og sauðfjárrækt sem andstæðar búgreinar og í stað þess eru þær stundaðar samhliða.

Þáll segir að sprenging hafi orðið í skógræktaráhuga á svæðinu og raunar landinu öllu síðan verkefnið fór af stað. Árið 1988 var fyrsta félag skógarbænda stofnað og þá voru um hundrað manns þátttakendur. Tíu árum síðar voru landssamtök skógarbænda stofnuð og nú eru um fimmhundrað manns félagar að skógarbændafélögum um allt land. Skógrækt sem raunveruleg atvinnugrein til sveita er því að öllum líkindum komin til að vera.

Þátttakendur í verkefninu sem ég talaði við voru sammála um að verkefnið gengi vel. Það kom hins vegar fram ákveðinn óróleiki varðandi framgang úrvinnslu og markaðssetningar á skógarafurðum. Sumum bændum fannst að markaðssetning á skógarafurðum hefði gengið of hægt og það væri veikur hlekkur í verkefninu. Enn sem komið er hafa aðallega verið framleiddir girðingastaurar úr því efni sem til fellur við grisjanir. Einstaklingar hafa þó byrjað að gera tilraunir með að búa til parkett og húsgögn úr viðnum. Starfsfólk Héraðsskóga tók að nokkru leyti undir með bændum og sagði að nauðsynlegt væri að fara að huga að úrvinnslu og markaðssetningu skógarafurða. Þau höfðu samt litlar áhyggjur af þessum þætti verkefnisins enn sem komið

er og bentu á að framboð hráefnis væri enn flöskuháls á þróun úrvinnslu.

SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF HÉRAÐSSKÓGA

Þetta skógræktarverkefni, Héraðsskógar, það hefur hérna í raun og veru komið í veg fyrir að það yrði algjört hrun í byggðinni...Það er alls ekki hægt að halda því fram að menn lifi af skógræktinni... en það hefur örugglega orðið til þess að menn geta bjargað sér á jörðunum (Páll).

Þessi orð Páls lýsa áhrifum Héraðsskóga á samfélagið í Fljótssdal. Hér á eftir dreg ég saman þrjá samfélagslega þætti sem hafa tekið breytingum vegna Héraðsskógaverkefnisins.

Byggðir

Forsendur Héraðsskógaverkefnisins eru byggðapólitískar. Það kemur skýrt fram hjá viðmælendum mínum að verkefnið hefur að miklu leyti náð markmiðum sínum og styrkt búsetugrundvöll svæðisins.

Páll telur að miklu máli skipti að skógræktin geti farið eins vel og raun ber vitni með öðrum búgreinum. Að hans mati er ástand byggðarinnar þó viðkvæmt, en ef tekst að brúa bilið þangað til skógræktin er farin að gefa meiri tekjur af skógarvinnslu áður en byggðin hrynur of mikið þá sé góður möguleiki á að byggja upp sterkara samfélag á svæðinu. Enn sem komið er þá er sauðfjárrækt aðalvinnuvegur fólks á svæðinu en ef skógræktin væri ekki til staðar þá væri ástandið „ansi dapurt“, það myndi veikja búsetugrundvöll svæðisins mikið.

Aðspurður um byggðaaáhrif Héraðsskóga sagði Sigurður starfsmaður Héraðsskóga, að í rauninni væri þörf á heildarúttekt á byggða- og efnahagsáhrifum verkefnisins.

Við vitum náttúrulega að hér hafa komið inn á svæðið á áratug, í tæplega þrjúþúsund manna byggð, um 800 milljónir. Þær hafa staðnæmst á svæðinu og það hlýtur að muna um það.

Þessir peningar fara aðallega til bændanna en að sjálfsögðu hefur verkefnið líka áhrif í þéttbýlinu. Héraðsskógar hafa aðsetur á Egilsstöðum. Þar fær sérfræðimenntað fólk vinnu og plöntuframleiðslustöð hefur verið byggð upp. Í kjölfar skógræktarinnar hefur jarðaverð hækkað, jarðirnar eru seljanlegri og það er varla

eyðijörð að finna á Héraði.

Bændafólk er sammála þessu í stórum dráttum. Þorsteinn segir engan vafa leika á því að verkefnið hafi styrkt búsetu. Hann nefnir eins og Sigurður mikilvægi þess að allt fjármagnið sem er ætlað til verkefnisins er nýtt á svæðinu, það staðnæmist þar og þannig styður það við það sem fyrir er. Anna tekur í sama streng og segir að jarðir hafi beinlínis byggst á svæðinu vegna verkefnisins. Fólk hafi möguleika á að sækja vinnu annað en búa á jörðunum og hafa einhverjar tekjur af þeim.

Flestir eru á því að bændur hafi getað lengt búskapartíma sinn með því að taka þátt í skógrækt. Skógræktin hefur virkað vel með sauðfjárrækt þannig að fólk hefur náð að auka tekjur sínar og vegið upp samdrátt í sauðfjárrækt. Þó eru sumir sem nefna líka að verkefnið hafi gert fólki kleift að hætta í hefðbundnum búskap, eiga jarðirnar en vinna annarstaðar með. Þannig hefur verkefnið einnig getað stuðlað að fækkun bænda í hefðbundnum landbúnaði en um leið gert fólki kleift að halda búsetu sinni áfram á svæðinu.

Umhverfi

Áhrif Héraðsskóga á umhverfið eru hvarvetna fyrir augum þegar keyrt er inn Fljótsdalinn. Gríðarlegum fjölda af trjám hefur verið plantað á svæðinu, eða á bilinu ein milljón til um 1.400.000 á ári frá 1991. Það eru alltaf einhver afföll, yfirleitt um 20-25%. Nú þegar rúmlega tíu ár eru frá upphafi áætlunarinnar eru trén að verða það hávaxin að þau eru farin að setja virkilegan svip á umhverfið. Flestir eru sáttir við verkefnið þrátt fyrir mikil sjónræn áhrif en þó má heyra neikvæðar raddir inn á milli.

Anna og Ragnar segja skógræktina koma til með að hafa gríðarleg sjónræn áhrif. Anna segir þess ekki langt að bíða að þau sjái bara tré, „þetta verður alveg nýtt svæði að koma hérna eftir tíu ár“. Ragnar tók fram að skoðanir íbúa séu skiptar um hversu mikið þetta breytir ásýndinni og segir að fólk sé sérstaklega að hugsa um útsýnið á fljótið. Það eru ekki allir sáttir við það.

Þorsteinn segir að kannski hefði átt að huga betur að umhverfisáhrifum þegar farið var af stað með verkefnið. Það hefði ef til vill ekki verið skoðað nægilega vel hvar ætti að planta og hvar ekki, „en ég held nú samt sem áður að það sé nú auðvelt að saga þessi tré niður ef þau eru fyrir“. Indriði tekur í sama streng og segir skógræktina fullkomlega afturkræfa aðgerð. Hann segir fólk missátt, en þó séu flestir jákvæðir gagnvart verkefninu enn sem komið er. Hann býst þó við að þegar að trjánnum fjölgi þá muni fleiri verða ósáttir við sjónræn áhrif verkefnisins.

Heyra má raddir um að synd sé að planta trjám í tún og góðar bújarðir. Irma og Finnur, ung hjón sem stunda sauðfjárþúska í nágrennasveitarfélagi Fljótsdals eru ekki ánægð með áhersluna á skógrækt. Þeim finnst að sér sótt en þau eru ekki aðilar að Héraðsskógaverkefninu. Þau segja að það sé ekki skilningur á stöðu þeirra á svæðinu, fólk sjái bara tré og vilji fá að planta allsstaðar.

Umhverfisáhrif Héraðsskógaverkefnisins eru einnig táknræn. Tveir viðmælendur lögðu áherslu á ímynd svæðisins og hlutverk bændaskóganna í uppbyggingu hennar. Hjá þeim kom fram að einn meginstyrkur svæðisins alls væri hin græna ímynd þess og Héraðsskógaverkefnið styrkti þá ímynd. Ímynd svæðisins út á við byggir að verulegu leyti á skógræktinni og tengir það við vinsæla umhverfismálaorðræðu í samfélaginu. Sumir telja að þetta gæti verið kostur til markaðssetningar á svæðinu fyrir ferðafólk. Það getur þó einnig reynst tvíbent og byggir á því hvernig upplifun fólks af umhverfisáhrifum verkefnisins mun koma til með að þróast.

Umhverfisáhrif skógræktarverkefnisins eru þar af leiðandi mikil og margvísleg. Í upphafi virðist sem fólk hafi ekki hugsað dæmið alveg til enda og ef til vill ekki gert sér grein fyrir því hvernig útlit svæðisins gæti tekið stakkaskiptum. Stjórn verkefnisins hefur þó ávallt unnið samkvæmt gildandi reglum að skógræktinni, á þann hátt að votlendi og náttúru- og fornminjar eru verndaðar. Fólk virðist sammála um að meira muni bera á neikvæðum og/eða efasemdaröddum um verkefnið þegar að trén vaxa upp, en enn sem komið er telja flestir viðmælendur mínir að jákvæð áhrif verkefnisins vegi upp þau neikvæðu. Héraðsskógar hafa einnig táknræn umhverfisáhrif sem hægt er að hagnýta til markaðssetningar á grunni ímyndar svæðisins. Héraðsskógaverkefnið afmarkar Fljótsdalshérað á mjög sterkan hátt á landsvísu þar sem það verður langstærsta skóglendi landsins.

Samfélag og menning

Héraðsskógaverkefnið hefur jafnframt félagslega- og menningarlega þýðingu á svæðinu. Svo virðist sem að Héraðsskógaverkefnið hleypi lífi í svæðið og hvetji fólk til að virkja tengsl sín við það. Páll og Guðrún, starfsfólk Héraðsskóga, töluðu bæði um að ekki síst hjá fólki sem væri flutt burt en ætti ennþá land, þá veitti skógrækt möguleika á að virkja tengslin við heimahaganna. Páll sagði að sumt af þessu fólki tæki ekki síður þátt í samfélaginu en aðrir íbúar sveitarfélaganna, og það væri mjög mikilvægt þar sem að það sé kannski frekar spurning um hvað sé gert í samfélaginu en endilega að fólk hafi þar fasta búsetu. Verkefnið hefur þannig óbein áhrif þar sem það hvetur landeigendur til að vinna á jörðum sínum.

Guðrún segir að bændafólk á svæðinu sé orðið miklu opnara

fyrir nýjungum en áður var. Hún segir að það sé jákvæður andi og fólk sé til í að prufa nýjar hugmyndir og veiti einnig sveitungum sínum meira svigrúm til þess en áður var. Aukin víðsýni og umburðarlyndi eykur hæfni fólks til að takast á við breytingar í umhverfi sínu. Páll tekur þó fram að erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvort jákvæðni í samfélaginu sé eingöngu vegna skógræktarinnar og segir að það sé ýmislegt að gerast. „Það er ekki allt jákvætt, í sjálfu sér en það samt sem áður verður til þess að það verður meiri rótering á samskiptum manna af öðrum svæðum“.

Sigurður sagði að þegar verkefnið hefði farið af stað þá hefði verið mikil kreppa í sauðfjárrækt og þeim sem voru viðriðnir skipulagningu og stjórnun Héraðsskógaverkefnisins hefði þótt bændur „hnípnir“.

Jafnvel þegar maður var með þeim einhversstaðar á ferð sko annað, í öðrum landshlutum þá svona voru menn bognir og vildu kannski ekki tala um hvaðan þeir voru. Að ferðast með þeim núna, þá finnst mér sko, það fer eiginlega mest fyrir Héraðsmönnum hvort sem það séu einhverjar samkomur eða menn eru á ferðinni og menn eru mjög teinréttir, stoltir af því sem þeir eru að gera (Sigurður).

Hann talaði einnig um árlega veislu skógarbænda í Víðivallaskógi sem styrkir böndin á milli skógarbændanna sjálfra og segir að verkefnið hafi aukið samkennd og bjartsýni hjá fólki.

Aðrir staðfestu þetta og bentu á að þegar fólk er ekki í kreppu þá er það bjartsýnna og tilbúnara til að taka meiri áhættu en ella. Héraðsskógaverkefnið hefur á margan hátt losað fólk úr tókum landbúnaðarkreppunnar á fyrri hluta tíunda áratugarins.

HÉRAÐSSKÓGAR SEM SVEIGJANLEGT BJARGRÁÐ

Langflestir bæir í Fljótsdalshreppi hafa einhverskonar samning um skógrækt á jörðum sínum. Yfirleitt virðist það vera fjölskyldan í heild sem tekur að sér skógræktina. Þó er ýmislegt sem bendir til þess að plöntun hvíli frekar á herðum kvenna og unglinga en girðingavinna, jarðvinnsla og skógarhögg (grisjun) er þá frekar á hendi karla. Þórunn nefnir til dæmis að unglingar og ungt fólk hafi haft tækifæri til að afla sér nokkurra tekna við plöntun á sumrin. Anna staðfestir þetta. Þegar börn hennar voru á unglingsaldri þá plöntuðu þau á sumrin og var það eina sumarvinnan sem þá bauðst. Anna segir að þetta hafi bjargað þeim tekjulega séð. Fleiri dæmi eru um að fjölskyldur hafi gerst aðilar að Héraðsskógaverkefninu fyrst og fremst til að skapa unglingum sumarvinnu.

Vinnan við skógræktina hefur verið að breytast og tímabilið sem hægt hefur verið að fá vinnu hefur lengst með vaxandi skógi. Það birtist aðallega í skógarhöggi sem fer fram yfir vetrartímam. Í febrúar til apríl 2001, unnu 15 manns (allt karlmenn) við skógarhögg í Víðivallaskógi. Um haustið unnu 10 manns í einn og hálfan mánuð við grisjun og slóðagerð (Héraðsskógar, 2001a). Það virðist ljóst að Héraðsskógaverkefnið er orðið afgerandi hluti af lífi flestra á svæðinu og er samofið daglegu lífsmynstri fólks. Það hefur veitt fólki tekjur en það er misjafnt hvernig fólk hefur hagnýtt sér það.

Þrátt fyrir að allir viðmælendur mínir væru sammála um að Héraðsskógaverkefnið hefði veitt fólki mikilvægar aukatekjur og mörgum möguleika á atvinnu var misjafnt hversu mikla áherslu fólk lagði á þýðingu verkefnisins. Héraðsskógaverkefnið veitir aðilum sínum fastar aukatekjur, mismiklar eftir framkvæmdum fólks á jörðum sínum. Sumir drógu í efa að skógræktin sé eitthvað sem skipti sköpum, en flestir lögðu þó meiri áherslu á þýðingu verkefnisins fyrir fólk á svæðinu. Ragnar og Anna hafa verið öflugir aðilar að verkefninu nokkuð lengi og fullyrti Ragnar að verkefnið hefði haft mikið að segja fyrir marga.

Sigurður segir að skógræktin verði að vinna með öðru því það lífi enginn af skógrækt án skógarhöggs af fullum krafti. Enn sem komið er þá er skógarhögg ekki nema tímabundin vinna fyrir takmarkaðan fjölda fólks. Guðrún tekur fram að á þeim tíma sem skógræktarverkefnið var að fara af stað hafi verið mjög lítið um vinnu á svæðinu og sérstaklega voru takmarkaðir atvinnumöguleikar fyrir konur, en með Héraðsskógaverkefninu hafi fólk í sveit haft möguleika á að nálgast tvítekjufjölskyldur tekjulega séð og konur hafi ekki síður verið virkar í verkefninu en karlar.

Þeir bændur sem ég talaði við voru sammála um að ennþá yrði að líta á skógræktina sem aukavinnu eða aukabúgrein. Þau voru einnig sammála að verkefnið hentaði mjög vel sem aukavinna. Hjá þeim aðilum sem stunda ferðaþjónustu kom það fram að skógrækt hentar vel til að fylla upp í eyðurnar. Fólk er ekki fastbundið dagsdaglega við skógræktina og hægt er að sinna henni með ferðaþjónustunni. Plöntun er eins og áður segir ekki síst tekjuuppspretta fyrir unglinga á sumrin en skógarhöggið á veturna er mikilvægur þáttur fyrir þó nokkra bændur. Skógarhöggið kemur inn á þeim tíma sem minnst er að gera í sauðfjárræktinni, frá áramótum og fram að sauðburði. Sigurður leggur áherslu á hversu vel bændafólk hefur fellt verkefnið að hefðbundnum búskap:

Þannig að kannski eftir sauðburð, þá byrja þeir að gróðursetja og eftir sláturtíð byrja þeir að höggva, þannig að það er búið að smella þessu alveg inn í, þannig að þeir hafa fyllt upp, þetta hefur ekki sko skarast.

Dæmi um hvernig verkefnið brúar bilið fyrir bændur kemur frá Indriða:

Það eru semsagt tveir mánuðir þarna [í slátrun og smölun], svo er ég að vinna hjá Héraðsskógum, hef verið að vinna hjá þeim undanfarin ár í skógarhöggi, á veturna,... verið þrjá mánuði kannski þar. Svo hef ég verið í girðingaviðhaldi fyrir þá á vorin, ... fyrir það fékk ég um 300 þúsund krónur. Ég er að fá fyrir þrjá mánuði í skógarhöggi sexhundrað þúsund krónur, þá eru komin 900 þúsund, ég er að fá 400 þúsund í sláturhúsinu, þetta er það sem ég lifi á.

7 UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

SAUÐFJÁRRÆKT OG HNATTVÆÐING

Hnattrænar breytingar eru í sjálfu sér ekki nýjar af nálinni. Ýmiskonar samskipti hafa lengi átt sér stað á milli fjarlæggra staða á jarðarkringlunni. Flæði ímynda, fólks, fjármagns og upplýsinga hafa hins vegar orðið mun hraðvirkari á síðustu árum samfara tækninýjungum. Friedman (1995, 2000) bendir á að hnattvæðing eigi sér ekki stað á tilviljunarkenndan hátt þó hún virðist að mörgu leyti vera stjórnlaus. Áhrif og afleiðingar hnattvæðingar mótast af ákveðinni formgerð sem hefur orðið til í sögulegu og pólitísku samhengi.

Á vissan hátt er þróun sauðfjárræktar tákmynd fyrir hnattrænar breytingar. Mótun og skipulag reglakerfis sauðfjárræktar átti sér stað samhliða nútímavæðingu íslensks samfélags. Á fyrri hluta aldarinnar var löggö áhersla á að auka framleiðni landbúnaðarins og um leið hófst uppbygging reglakerfis utan um hefðbundinn landbúnað, nautgripærækt og sauðfjárrækt. Leitast var við að auka framleiðslumagn, vél- og tæknivæðingu. Stjórnkerfið sem var smíðað utan um sauðfjárrækt og hugsað sem stuðningstæki við atvinnugreinina landsmönnum til hagsbóta var hins vegar að lokum keyrt í strand. Mikil verðbólga hér á landi ásamt versnandi markaðsaðstæðum erlendis hafði sitt að segja en einnig er ljóst að þau sem stjórnðu kerfinu náðu ekki að sveigja það að breyttum aðstæðum.

Allt frá áttunda áratug 20. aldar hefur sauðfjárrækt sem atvinnugrein og fólkið sem stundar hana háð varnarbaráttu og leitast við að aðlagast breyttum aðstæðum. Það hefur verið hægara sagt en gert þar sem sauðfjárrækt hefur verið nýtt sem byggðameðal í dreifbýli landsins. Sauðfjárrækt sem atvinnugrein hefur þannig verið hagnýtt til svæðisbundinnar styrkingar eða viðhalds byggðar. Þetta hefur heft bændafólk við að þróa atvinnugreinina sem slíka og það má einnig færa rök fyrir því að þessi tenging dreifbýlis við eina atvinnugrein hafi

ekki verið byggðunum til góðs. Allar breytingar á reglukerfi sauðfjárræktar eru því hápólitískar og stjórnvöld hafa ekki enn viljað taka af skarið og ákveða hvort skuli stefna að fullri markaðsvæðingu greinarinnar eða vinna að byggðastefnu með stuðningi við hana.

Á sama tíma eru gildi og forsendur byggðastefnu að breytast. Það er lögð meiri áhersla á nýsköpun og frumkvæði heimafólks á kostnað lánaþyrirgreiðslu og aðstoðar við einstök fyrirtæki. Þó það megi setja spurningarmerki við hvort það hafi tekist að hrinda nýjum áherslum byggðastefnunnar í framkvæmd er hér um hugmyndafræðilega stefnubreytingu að ræða sem tengist vaxandi áherslu á markaðsvæðingu og hagnýtingu tækni og upplýsinga til nýsköpunar. Staða sauðfjárbænda í dag er því þversagnakennd. Annars vegar er áhersla lögð á markaðsvæðingu og að greinin starfi í sama umhverfi og aðrar atvinnugreinar. Hins vegar er greininni ætlað að halda uppi byggð í landinu og henni búin þröngur stakkur til frampróunar. Sauðfjárbændum er ætlað að sýna meira frumkvæði og framtak og skapa sér þannig ný tækifæri en um leið eru þau bundin af reglukerfi greinarinnar.

Samfara ferlum hnattvæðingar hefur fjarað undan grundvallarforsendum stjórnkerfis sauðfjárræktar. Altæk stjórnun af því tagi sem stjórnkerfið er dæmi um á ekki við þær aðstæður sem eru ríkjandi í samfélaginu í dag. Bændafólk í Fljótssdal hefur ekki frekar en aðrir verið viljalausir þolendur breytinga heldur tekið sem gerendur á aðstæðum sínum. Þrátt fyrir að reglukerfið hafi takmarkað hreyfanleika og þar með möguleika fólks til að takast á við breyttar aðstæður hefur það beitt margvíslegum bjargráðum. Bændafólk hefur getað hagnýtt sér nýja möguleika með tilkomu hnattrænna breytinga, t.d. með tilkomu nýrrar tækni og meiri fjölda ferðafólks. Á margan hátt má segja að þau hafi tekið til við hnattsvæðingu á grunni sauðfjárræktar.

BJARGRÁÐ Í FLJÓTSDAL

Bjargráð er víðfeðmt hugtak sem vísar bæði til breytinga eða rofs í samfélaginu og hvernig fólk beitir ólíkum aðferðum til að takast á við þær á merkingarbæran hátt. Þrjár víddir felast í bjargráðum sem vísa til nýsköpunar, uppbyggingar sjálfsmyndar og tengslaneta. Nýsköpun felur ávallt í sér ákveðið rof í formgerðum samfélagsins um leið og hún byggir oftast á því sem fyrir er. Sköpun sjálfsmyndar er orðið flóknara ferli en áður var. Það eru fleiri hugsanlegir möguleikar til staðar þar sem fólk hefur aðgang að margvíslegum tengslanetum og upplýsingum innan þeirra. Tengslanet eru nokkurs konar miðill fyrir nýsköpun og sköpun sjálfsmyndar. Tengslanet eru þannig farvegir fyrir ýmiskonar flæði og fela í sér möguleika á sköpun félagslegs auðs. Þau eru því

grundvallarþættir að árangursríkum bjargráðum.

Bjargráð íbúa Fljótsdals eru mörg og ólík. Sauðfjarrækt er enn megin atvinnugrein Fljótsdælinga. Á langflestum sauðfjorbúum stundar fólk þó vinnu með þar sem sauðfjorbúskapurinn veitir ekki nægilegar tekjur til að reka heimili. Nokkuð er um að fólk búi á svæðinu en stundi ekki sauðfjorbúskap sem atvinnu. Aðstæður fólks í dag eru tilkomnar vegna ýmissa samverkandi þátta en framleiðsluniðurskurður og stórfelldur riðuniðurskurður eru miðlægir áhrifaþættir á svæðinu.

Reglukerfi sauðfjarræktar og vilji fólks til að stunda sauðfjarrækt hefur markað þau bjargráð sem það hefur tekið til við. Þróun og nýsköpun í sauðfjarrækt hefur verið miklum takmörkunum háð á síðustu árum. Margir bændur hafa þó leitast við að nýta hús og aðrar fjárfestingar eins vel og kostur er jafnvel þó að hluti framleiðslunnar falli utan beingreiðslumarks. Jafnframt eru margir að vinna markvisst að því auka framleiðni skepnanna og aðlaga framleiðsluna að óskum neytenda með markvissu ræktunarstarfi.

Önnur bjargráð sem má nefna eru ferðaþjónusta, aukabúgreinar, föst vinna utan heimilis og ýmis tilfallandi tímabundin störf. Ferðaþjónusta er það bjargráð þar sem allar þrjár víddir hugtaksins eru hvað skýrastar. Tveir aðilar hafa farið út í ferðaþjónustu. Án þess að fara djúpt ofan í saumana á þessum bjargráðum er í báðum tilvikum um hrein og klár nýsköpunarverkefni að ræða. Hvorki hefur verið boðið upp á hestaferðir eða gistingu í íbúðum áður á svæðinu. Bæði fyrirtækin byggja á virkjun tengslaneta bæði innan sveitar og utan. Sömu viðskiptavinirnir koma ítrekað til þeirra og hestaferðirnar eru reknar í samstarfi við stærra fyrirtæki annarsstaðar á landinu. Þannig hafa þau í báðum tilfellum náð að byggja félagslegar brýr sem treysta grundvöll rekstursins. Um leið byggja báðir aðilar á félagslegum tengslum í nánasta umhverfi sínu. Þau fá hjálp frá nágrönnum sínum og ýmiskonar aðra aðstoð í gegnum samþætтуð tengslanet. Þau virkja með öðrum orðum félagslegan auð sinn. Sú ferðaþjónusta sem þau reka tengist sterkt sköpun sjálfsmyndar og ákveðinni ímynd svæðisins. Það er mikið um að veiðifólk gisti í íbúðunum og hestaferðirnar njóta hylli meðal fólks sem vill upplifa og komast í snertingu við náttúruna. Þessi dæmi sýna glögglega að tengslanet og sköpun sjálfsmyndar eru gagnvirk ferli, þau geta ekki átt sér stað í tómarúmi eða einhliða. Neytendurnir, ferðafólkið í þessu tilfalli, sækist eftir ákveðinni ímynd og/eða sjálfsmynd til að neyta. Í gegnum bjargráð sín eru ferðaþjónustuaðilarnir að selja fólki ímynd svæðisins og hluta af sjálfsmynd sinni og um leið eru þeir að byggja upp og móta sjálfsmynd sína í tengslum við svæðið.

Fólk hefur leitast við að afla sér aukatekna á þann hátt að það

geti haldið áfram annaðhvort búskap eða búsetu á jörðum sínum. Þau bjargráð sem „virka“ fyrir íbúana eru flest hver sveigjanleg að búsetuskilyrðum þeirra. Sauðfjábúskapur er enn kjölfesta samfélagsins í Fljótssdal og fólk nýtir sér hann sem grunn að öðrum bjargráðum. Þó verður að taka tillit til þess að reglakerfi sauðfjarræktar hefur heft hreyfanleika fólks. Sumir segjast ekki hafa efni á að selja og flytja burt jafnvel þó þau vildu. Það er óvíst hvort miðlægt hlutverk sauðfjarræktar muni breytast eftir að framsal greiðslumarks verður gefið frjálst í upphafi árs 2004 en það verður að teljast líklegt að sauðfjábúum í Fljótssdal fækki en þau sem eftir verða muni stækka.

HÉRAÐSSKÓGAR SEM BJARGRÁÐ

Saga skógræktar á svæðinu, skipulagning Héraðsskógaverkefnisins og sveigjanleiki þess sem bjargráðs eru þrjár megin ástæður fyrir árangri Héraðsskóga í Fljótssdal. Þegar kemur að því að setja nýsköpunarverkefni á laggirnar, hverju nafni sem það nefnist, skiptir máli að það sé merkingarbært fyrir hugsanlega þátttakendur, þ.e. að fólk geti séð sig í því að vinna það. Fljótssdalsáætlun ruddi brautina fyrir skógræktarverkefni í Fljótssdal. Íbúar dalsins vissu að skógrækt var raunhæfur kostur á svæðinu og eins höfðu margir persónulega reynslu af skógrækt, bæði á jörðum sínum og í gegnum vinnu á Hallormsstað. Það má því segja að skógrækt hafi verið hluti af menningarlegum auði íbúa Fljótssdals, hún stóð nær þeim sem bjargráð en margt annað.

Skipulagning og framkvæmd Héraðsskóga eru lykilþættir í þessu samhengi. Frumkvæði að verkefninu kom bæði frá félagum í skógræktarfélagum og bændum. Stjórnámamenn höfðu mikið að segja með því að tengja heimafólk og stjórnkerfið í Reykjavík og vinna verkefninu pólitískt fylgi. Verkefnið er skipulagt til langs tíma og það hefur tryggt fjármagn. Héraðsskógar eru því öruggt haldreipi, fólk sér það sem öruggan tekjugjafa og það getur fært þátttakendum umtalsverðar tekjur. Heimafólk hefur verið virkir þátttakendur í skipulagningu og framkvæmd verkefnisins frá upphafi. Verkefnið er skipulagt sem verkefni þátttakenda, landeigendur vinna sjálfir á jörðum sínum og bera ábyrgð á eendum samnings við stofnunina Héraðsskóga. Fastráðnir starfsmenn Héraðsskóga eru því frekar starfsmenn landeigenda heldur en öfugt. Héraðsskógaverkefnið er í grundvallaratriðum skipulagt þannig að það miðar að því að styrkja fólk í starfi á jörðum sínum og ýtir þannig undir það að fólk sé gerendur í lífi sínu.

Áhrif Héraðsskóga dyljast engum. Verkefnið hefur augljós hagræn áhrif og fólk er sammála um að það hefur styrkt byggðina. Umhverfisáhrif verkefnisins eru mikil og nokkuð umdeild. Verkefnið hefur samt sem áður sótt á sem bjargráð meðal bænda fólks. Bændur, sem sumir voru í vafa

um að skógrækt gæti gengið upp með sauðfjárrækt, eru nú sammála um að þessar búgreinar eigi vel saman. Vinnsla við verkefnið hefur hingað til passað mjög vel við árstíðarbundnar vinnulotur í sauðfjárrækt. Jafnframt hefur verkefnið veitt unglíngum sumarvinnu sem hefur verið af skörnum skammti á svæðinu. Sveigjanleiki verkefnisins er einn höfuðkostur þess. Hver og einn landeigandi gerir samning við Héraðsskóga um framkvæmdir á sinni jörð svo að um leið og verkefnið hefur áhrif á svæðinu í heild hefur það einstaklingsbundinn sveigjanleika þannig að flestir sem vilja geta nýtt sér það. Héraðsskógar sópa því ekki öðru burt heldur kemur það sem viðbót við t.d. hefðbundinn búskap eða ferðaþjónustu. Fólk getur nýtt það til að vinna áfram á þeim grunni sem það hefur byggt, hvort sem það er sauðfjárrækt eða aðrar atvinnugreinar.

Héraðsskógaverkefnið sameinar allar þrjár víddir bjargráða. Fólk vinnur að nýsköpun, byggir upp sjálfsmynd sína og ímynd svæðisins og hagnýtir tengslanet og félagslegan auð í því ferli. Verkefnið er nýsköpun á þann hátt að það felur í sér breytingar á hagrænni formgerð samfélagsins í Fljótsdal. Það byggir á tengslanetum og hagnýtingu félagslegs auðs þar sem það grundvallast á staðbundinni þekkingu og reynslu en tengist einnig utanaðkomandi þáttum – embættismannakerfinu, hinu pólitíska stjórnkerfi og sérfræðiþekkingu á sviði skógræktar. Styrkur verkefnisins felst í því að um leið og það skapar eitthvað nýtt á svæðinu þá byggir það á gömlum grunni. Þátttakendur hafa því nokkuð auðveldlega getað ofið nýsköpunarverkefnið Héraðsskóga saman við daglega reynslu sína á merkingarbæran hátt.

Héraðsskógar hafa líka lagt til við sköpun sjálfsmyndar fólks og ímyndar svæðisins. Verkefnið hefur styrkt fólk í því sem það er að gera og fært líf inn á svæðið. Sumir nefna að það hafi beinlínis styrkt sjálfsmynd bændafélks. Eftir mikla erfiðleika og gagnrýni í þjóðfélaginu hafi fólk getað verið stolt af skógræktinni. Eins og fram hefur komið hefur verkefnið lagt til við ímyndarsköpun svæðisins. Fljótsdalshérað hefur að mati viðmælenda minna „græna“ áru og skógræktarverkefnið hefur styrkt þá ímynd. Sumir líta til þess sem möguleika á eflingu annarra bjargráða, t.d. ferðaþjónustu.

Styrkleikar verkefnisins eru óneitanlega margir og það hefur ekki marga áberandi veikleika. Þrjú atriði má þó greina sem veikja eða geta veikt framgang verkefnisins nú og í framtíðinni.

Í fyrsta lagi virðast tengsl á milli verkefnisins og stjórnkerfisins eða embættisfólks innan þess, ekki vera byggð á nægilega traustum grunni. Í upphafi voru aðilar innan kerfisins sem unnu gegn verkefninu og starfsfólk Héraðsskóga hefur fundið fyrir andstöðu frá embættisfólki við að verkefni eins og Héraðsskógar skuli ráða sér sjálft. Stjórnkerfið

hefur þannig ekki reynst nægilega trúverðugt gagnvart Héraðsskógum. Það hafa ekki verið nægilega traustar brýr félagslegra tengsla til staðar sem geta þjónað sem farvegir fyrir hagnýtingu félagslegs auðs. Þrátt fyrir að tengslin á milli embættismannakerfisins og Héraðsskóga hafi breyst til batnaðar á síðustu árum ber enn á titringi í samskiptum þessara aðila. Samkvæmt viðmælendum mínum leita stjórnendur verkefnisins annarra leiða ef samskipti við kerfið eru stirð, þau hagnýta önnur óhefðbundnari/óformlegri félagsleg tengsl og fara jafnvel framhjá kerfinu.

Verkefnið hefur sannað tilverurétt sinn með því að ná þeim árangri sem til var ætlast. Þar sem forsendur þess eru pólitískar miklu frekar en hagrænar er mikilvægt að viðhalda pólitískum stuðningi við það. Ótraust tengslanet á milli stjórnkerfisins og Héraðsskóga getur verið veikleiki þar sem það þýðir að ekki er skýrt hvernig samskipti kerfisins við nýsköpunarverkefni sem þetta eiga að ganga fyrir sig. Ef samskipti sem þessi eru látin ráðast er hætt við því að allar tilraunir til að endurtaka leikinn, skapa önnur svipuð verkefni, verði ómarkvissar og háðar hæfni einstakra aðila til að hagnýta félagsleg tengsl við ólíka aðila eða stofnanir. Stjórnvöld verða því að leggja sig fram um að skapa áreiðanlegar og trúverðugar stofnanir og netviddir til að auðvelda stofnsetningu og framkvæmd byggðavænna nýsköpunarverkefna sem þessa.

Í öðru lagi eru umhverfisáhrif verkefnisins mikil og sumir viðmælendur mínir telja að þau komi til með að verða umdeildari þegar fram líða stundir. Ofuráhersla á eitt bjargráð getur leitt til þess að fólk sem ekki er hluti af því upplifi sig í vörn og finnist að sér sótt. Þær raddir má heyra á Fljótsdalshéraði.

Verkefni eins og Héraðsskógar hafa í för með sér gagngera breytingu á landslagi. Ákvarðanir sem eru teknar í dag munu hafa áhrif á ásýnd svæðisins næstu tugi ára. Það skiptir miklu að sem flestir komi að stefnumótun og ákvörðunum um svo miklar breytingar á umhverfinu, jafnvel þó að þær séu tiltölulega afturkræfar. Sú ábyrgð hvílir jafnt á þátttakendum verkefnisins og stjórnendum þess að vinna það í sátt við umhverfi sitt, náttúrulegt og félagslegt.

Í þriðja lagi má benda á upplýsingastreymi frá stjórnendum verkefnisins til bænda. Héraðsskógaverkefnið byggir á vissan hátt á þéttriðnu tengslaneti þátttakenda og stjórnenda þess. Þrátt fyrir mjög gott aðgengi þátttakenda að stjórnendum virðist það enn geta batnað. Eftir rúmlega tíu ára starfsemi er úrvinnsla skógarafurða og markaðssetning þeirra orðin meira aðkallandi en áður. Bændur sem talað var við höfðu frekar áhyggjur af framtíð verkefnisins hvað varðar markaðssetningu á skógarafurðum en stjórnendur þess sem höfðu aðrar forsendur fyrir mati sínu. Þetta undirstrikar að þátttakendur og

stjórnendur verða stöðugt að vinna áfram að verkefninu og halda félagslegum tengslum virkum. Þau verða að hagnýta félagslegan auð til að samþætta aðila í verkefninu og dreifa upplýsingum jafnt innan þess og utan. Félagsleg tengsl eru ekki staðnaðar formgerðir heldur virk ferli sem verður að vinna að ef þau eiga að virka sem skilvirkir farvegir upplýsinga.

Í þessari ritgerð hefur verið gerð grein fyrir samfélagslegum breytingum sem íbúar Fljótsdals hafa staðið frammi fyrir, þeim bjargráðum sem þeir hafa tekið til við og ljósi varpað á hvernig fólk vinnur bjargráð og hvað skiptir máli í þeim ferlum. Að lokum er mikilvægt að undirstrika það að einstök bjargráð líkt og Héraðsskógaverkefnið leysa í sjálfu sér ekki vanda svæða eða staðbundinna samfélaga. Það er fólkið sem sameinast um að vinna að þeim sem tekur á aðstæðum sínum sjálft með aðstoð bjargráða. Þegar kemur að því að skapa árangursrík bjargráð verður að hafa í huga hvernig ætlunin er að vinna þau og hvaða þættir skipta þar máli. Það skiptir engu hversu góð hugmynd að verkefnum er ef framkvæmd þeirra bregst. Félagsleg tengslanet og hagnýting félagslegs auðs skiptir þar höfuðmáli.

8 ÞAKKIR

Rannsóknin sem ritgerðin byggir á var styrkt af Nordic Research School on Local Dynamics sem er norrænt net framhaldsnema sem miðar m.a. að því að efla rannsóknir í dreifbýli á norðurlóðum. Jafnframt var rannsóknarverkefnið styrkt af Rannsóknarnámssjóði Rannsóknarráðs Íslands og Starfsmenntunarsjóði BHM. Mér var úthlutað fræðimannaíbúð að Skriðuklaustri í Fljótsdal í október 2001 og var það sérlega mikilvægt fyrir vettvangsvinnu mína. Kann ég öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

Leiðbeinendur við rannsóknina voru dr. Unnur Dís Skaptadóttir, dósent við mannfræðiskor og dr. Karl Benediktsson, dósent við jarð- og landfræðiskor, og þakka ég þeim fyrir gott samstarf og leiðbeiningu. Fjölmargir aðrir aðstoðuðu við vinnu og frágang ritgerðarinnar og síðar þessarar útgáfu. Ég þakka þeim öllum. Síðast en ekki síst vil ég sérstaklega þakka viðmælendum mínum og öðrum þátttakendum í rannsókninni.

9 HEIMILDIR

- Alpingi. (1991). Lög um Héraðsskóga. Lagasafn, Nr. 32.
- Austur - Hérað. (2001). Á nýrri öld: Stefna Austur - Héraðs - staðardagskrá 21, 2001-2006.
- Bauman, Z. (2001). *The Individualized Society*. Cambridge: Polity Press.
- Björn S. Stefánsson. (1986). Forsendur verðlags á landbúnaðarafurðum í 100 ár. Í Heimir Þorleifsson (Ritstj.), Landshagir: Þættir úr íslenskri atvinnusögu, gefnir út í tilefni af 100 ára afmæli Landsbanka Íslands. Reykjavík: Landsbanki Íslands.
- Bourdieu, P. (1986). The Forms of Capital. Í J. G. Richardson (Ritstj.), *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (pp. 241-258). Westport: Greenwood Press.
- Bourdieu, P. (1998a). *Acts of Resistance: Against the Tyranny of the Market* (R. Nice, Trans.). New York: The New Press.
- Bourdieu, P. (1998b). *Practical Reason: On the Theory of Action*. Stanford: Stanford University Press.
- Byggðastofnun. (1998). *Stefnumótandi Byggðaáætlun 1998-2002*. Forsendur.
- Byggðastofnun. (1999). *Byggðir á Íslandi: Aðgerðir í byggðamálum*. Byggðastofnun.
- Bændasamtök Íslands. (2002). *Hagtölur Landbúnaðarins*. Reykjavík: Bændasamtök Íslands.
- Bærenholdt, J. O., og Aarsaether, N. (1998). *Coping Strategies in the North*. Í J. O. B. and og N. Aarsaether (Ritstj.), *Coping Strategies in the North: Local Practices in the Context of Global Restructuring*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Bærenholdt, J. O., og Aarsaether, N. (2001). *Reflexive Local Development: Coping Strategies in a Globalized Environment*. Í N. Aarsaether og J. O. Bærenholdt (Ritstj.), *The Reflexive North* (pp. 15-40). Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Fontana, A. (1994). *Ethnographic trends in the postmodern era*. Í D. R. Dickens og A. Fontana (Ritstj.), *Postmodernism and Social Inquiry*. London: Guilford Press.
- Friedman, J. (1995). *Global System, Globalization and the Parameters of Modernity*. Í M. Featherstone, S. Lash og R. Robertson (Ritstj.), *Global Modernities*. London: Sage.
- Friedman, J. (2000). *Globalization, Class and Culture in Global Systems*. *Journal of World-Systems Research*, 3, 636-665.
- Friedman, T. L. (1999). *The Lexus and the Olive Tree*. New York: Farrar, Straus and Giroux.
- Giddens, A. (1999). *Runaway World: How Globalisation is Reshaping*

our Lives. London: Profile Books.

Giddens, A., og Hutton, W. (2000). Í Conversation. Í W. Hutton og A. Giddens (Ritstj.), On the Edge: Living with Global Capitalism. London: Jonathan Cape.

Granovetter, M. (1973). The Strength of Weak Ties. American Journal of Sociology, 78(6), 1360-1380.

Guðmundur Jónsson, og Magnús S. Magnússon (Ritstj.). (1997). Hagskinna: Icelandic Historical Statistics. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Guðmundur Stefánsson. (1998). Landbúnaðarstefnan og búvörusamningar. Ráðunautafundur, 3-12.

Gunnar Þór Jóhannesson. (2003). Breytingar og bjargráð: Aðferðir fólks á landbúnaðarsvæðum til að takast á við samfélagslegar breytingar. Óbirt M.A. ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Gunnar Þór Jóhannesson, Unnur Dís Skaptadóttir, & Karl Benediktsson. (2003). Coping with Social Capital? The Cultural Economy of Tourism in the North. Sociologia Ruralis, 43(1).

Hagstofa Íslands. (2002). Landshagir 2002: Hagskýrslur Íslands III 88. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hammersley, M., og Atkinson, P. (1983). Ethnography: Principles in Practice. London: Tavistock Publications.

Héraðsskógar. (1995). Náttúruauðlind nýrra tíma. Egilsstöðum: Héraðsskógar.

Héraðsskógar. (2001a). Ársskýrsla 2001. Egilsstaðir: Héraðsskógar.

Héraðsskógar. (2001b). Lög, [Internet]. Aðgengileg: <http://www.isholf.is/HERADSSKOGAR/> [2001, 07.08].

Héraðsskógar. (2002). Starf Héraðsskóga, [Internet]. Aðgengileg: <http://www.heradsskogar.is> [2002, 18.12].

Hirst, P., og Thompson, G. (1996). Globalization in Question: The International Economy and the Possibilities of Governance. Cambridge: Polity Press.

Karl Benediktsson. (2001). Beyond Productivism: Regulatory Changes and their Outcomes in Icelandic Farming. Í K. Kim, I. Bowler og C. Bryant (Ritstj.), Developing Sustainable Rural Systems. Pusan: PNU Press.

Landbúnaðarráðuneytið. (1998). Úttekt á lífskjörum bænda í hefðbundnum landbúnaði 1989 - 1996 ásamt tillögum um opinberan stuðning og félagslegar aðgerðir. Reykjavík: Landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðuneytið. (2002). Fréttatilkynning frá landbúnaðarráðuneytinu nr. 12/2002, [Internet]. Landbúnaðarráðuneytið. Aðgengileg: http://landbunadarraduneyti.is/interpro/lan/lan.nsf/pages/frett_2002_12 [2002, 11.11.02].

Lash, S. (1994). Reflexivity and its Doubles: Structure, Aesthetics, Community. Í U. Beck, A. Giddens og S. Lash (Ritstj.), Reflexive

- Modernization: Politics, Tradition and Aesthetics in the Modern Social Order (pp. 56-109). Cambridge: Polity Press.
- Mörður Árnason (Ritstj.). (2002). Íslensk orðabók. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Reykjavík: Edda.
- Neil, C., og Tykkyläinen, M. (1998). An introduction to research into socio-economic restructuring in resource communities. Í C. Neil og M. Tykkyläinen (Ritstj.), Local Economic Development: A Geographical Comparison of Rural Community Restructuring. Tokyo: United Nations University Press.
- Robertson, R. (1995). Glocalization: Time - Space and Homogeneity - Heterogeneity. Í M. Featherstone & S. Lash & R. Robertson (Eds.), Global Modernities (pp. 25-44). London: Sage.
- Sigurður Snævarr. (1993). Haglýsing Íslands. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sjómannanefnd. (1991). Áfangaskýrsla um framleiðslu sauðfjárafurða. Reykjavík.
- Swyngedouw, E. (2000). Elite Power, Global Forces, and the Political Economy of "Glocal" Development. Í G. Clark, M. Feldman og M. Gertler (Ritstj.), Handbook of Economic Geography. Oxford: University Press.
- Taylor, S. J., og Bogdan, R. (1998). Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource (Third ed.). New York: John Wiley & Sons.
- Toynbee, P. (2000). Who's Afraid of Global Culture? Í W. Hutton A. Giddens (Ritstj.), On the Edge: Living with Global Capitalism. London: Jonathan Cape.
- Urry, J. (2000). Sociology Beyond Societies: Mobilities for the Twenty-first Century. London: Routledge.
- Vigdís Jónsdóttir. (1992). Stuðningur stjórnvalda við landbúnað. Fjármálatíðindi, 174-192.